



Ársskýrsla | **OR**
2017

Efnisyfirlit

- 03 Ávarp stjórnarformanns
- 05 Ávarp forstjóra
- 07 Yfirlit ársins
- 09 Árið í hnotskurn

- 15 **Umhverfi**
- 16 Losun koltvíoxíðs frá samstæðu OR
- 17 E1 Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda
- 18 E2 Kolefniskræfni
- 19 E3 Bein og óbein orkunotkun eftir orkutegund
- 20 E4 Orkupörf
- 21 E5 Helstu orkugjafar
- 22 E6 Endumýjanleg orkukræfni
- 23 E7 Vatnsvernd og ábyrg vinnsla
- 24 E8 Ábyrg meðhöndlun úrgangs
- 25 E9 Umhverfis- og auðlindastefna
- 26 E10 Sérstök umhverfisáhrif (13 atriði)
- 26 Umhverfisslys við Andakílsárvirkjun
- 27 Bilun í skólpdælustöð við Faxaskjól
- 27 Ábyrg umgengni og vinnsla úr lághitauðlindum
- 28 Ábyrg umgengni og vinnsla úr háhitauðlindum
- 29 Losun jarðhitavatns og eftirlit með grunnvatni
- 30 Jarðskjálftar vegna losunar jarðhitavatns
- 31 Losun brennisteinsvetnis
- 33 Jarðhitagarður skipulagður á Hellisheiði
- 34 Losun vegna fráveitu
- 35 Landbætur á athafnasvæðum OR
- 36 Innkaup
- 37 Efnanotkun
- 37 Ábendingar og kvartanir

- 38 **Samfélag**
- 39 S1 Launahlutfall forstjóra
- 40 S2 Kynbundinn launamunur
- 41 S3 Starfsmannavelta
- 42 S4 Jafnræði
- 43 S5 Hlutfall tímabundinna ráðninga
- 43 S6 Jafnréttisstefna
- 44 S7 Heilsa og öryggi
- 45 S8 Heilsuvernd
- 46 S9 Barna- og nauðungarvinna
- 46 S10 Mannréttindi
- 47 S11 Mannréttindabrot
- 48 S12 Fjölbreytni stjórna
- 49 Umbætur í innheimtu
- 50 Miðlun þekkingar
- 50 Rafvæðing samgangna

- 51 **Stjórnhættir**
- 52 G1 Gegnsæi ákvarðana
- 52 G2 Gegnsæi í störfum stjórnar
- 53 G3 Hvatakerfi í launum
- 53 G4 Vinnuréttur
- 54 G5 Birgjamat
- 54 G6 Siðareglur
- 55 G7 Aðgerðir gegn spillingu og mútum
- 55 G8 Gegnsæi skatta og gjalda
- 56 G9 Upplýsingagjöf um sjálfbærni
- 56 G10 Aðferð við skýrslugerð
- 56 G11 Áreiðanleiki

- 57 **Fjárhagur**
- 58 Tekjur, gjöld, EBITDA og EBIT
- 58 EBITDA framlegð
- 59 Vaxtaþekja
- 59 Nettó skuldir
- 60 Nettó skuldir / Handbært fé frá rekstri
- 60 Arðsemi fjármagns
- 61 Veltufjárhlutfall
- 62 Eiginfjárhlutfall
- 62 Sjóðstaða
- 63 Lánshæfismat
- 63 Gjaldeyrisáhætta
- 64 Vaxtaáhætta
- 64 Álverðsáhætta
- 65 Lausafjárstaða
- 65 Gjaldeyrisjöfnuður í efnahag



| Ávarp stjórnarformanns Brynhildur Davíðsdóttir

Orkuveitu Reykjavíkur (OR) er ætlað að tryggja viðskiptavinum sínum vatnsveitu, fráveitu, rafveitu, hitaveitu og gagnaveitu. Mikilvægi hennar verður ljóst ef maður gerir sér í hugarlund hvernig lífið gengi fyrir sig án þjónustu Veitna, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur. Veigamesta samfélagslega ábyrgð OR felst í þeirri þjónustu. Hvernig skilum við auðlindunum sem við nú nýtum til komandi kynslóða? Hvert verður ástand veitukerfa og virkjana þegar næsta kynslóð tekur við þeim? Hefur okkur tekist að draga úr umhverfisáhrifum eins og kostur er? Verður þekking til staðar til að sinna þessum mikilvæga rekstri? Verður fjárhagur OR slíkur að hægt verði að veita þjónustuna á sanngjörnu verði til framtíðar og skila eigendum jafnframt eðlilegum arði? Svörin við þessum spurningum greina hvort starfsemi OR stuðlar að sjálfbærri þróun og er samfélagslega ábyrg.

Í þessari skýrslu, sem er nú gefin út með nýju sniði, er dregin upp mynd af starfseminni á árinu 2017 og leitast við að greina hvernig OR er í stakk búin til að mæta framtíðinni. Stuðst er við skýrslusnið sem kauphallirnar á Norðurlöndum hafa mótað og miðar að því að gefa heildstæða mynd af mikilvægum rekstarþáttum: umhverfisþáttum, samfélagsþáttum og stjórnarháttum, ásamt fjárhagsþáttum sem hér er fléttað saman við. Umhverfis- og auðlindamálin eru veigamest, enda byggir þjónusta OR og dótturfyrirtækjanna á því að nýting auðlinda sé skynsamleg og standist til lengri tíma. Metnaður OR í baráttunni við loftslagsvandann setur einnig svip á skýrsluna.

Eftir lögbundna uppskiptingu OR í nokkur fyrirtæki árið 2014, hefur reynt á skilvirka stjórnhætti innan fyrirtækjasamstæðunnar og í samskiptum hennar við eigendur OR. Mér sýnist ágætlega hafa tekist til og að verkaskipting stjórna, stjórnenda og eigenda sé skarpari en áður. Skýr verkaskipting er forsenda gegnsæis í rekstri. Við, í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, kappkostum að veita almenningi upplýsingar um hvaða mál við erum að fást við, hvaða ákvarðanir við tökum og á hvaða forsendum það er gert. Þetta gerum við með því að birta fundargerðir stjórnarinnar á vef OR.

Gegnsæi í rekstri er líka nauðsynlegt til að fyrirtækið og allir sem láta sig málefni þess varða, geti rætt saman um starfsemina. Við, sem erum ábyrg fyrir starfseminni, getum fært rök fyrir því að reksturinn sé samfélagslega ábyrgur, en hvort hann er það í raun hlýtur að vera niðurstaða samtals milli fyrirtækisins og samfélagslega ábyrgur, en hvort hann er það í raun hlýtur að vera niðurstaða samtals milli fyrirtækisins og hagsmunaaðila rekstursins. Í þessari sambættu ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2017 leggjum við spilin á borðið og bjóðum til samtalsins. Lesendum til hægðarauka tengjum við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna viðkomandi atriðum í skýrslunni.

Stjórn OR hélt 16 fundi á árinu auk tveggja reglubundinna funda með eigendum, í apríl og nóvember. Unnið er eftir starfsáætlun stjórnar og gekk hún eftir. Einnig metum við eigin störf formlega til að átta okkur á hvort við höfum unnið að þeim verkefnum sem okkur eru falin eftir settum reglum.

Starfsmönnum öllum í samstæðu OR, stjórnendum og stjórnarmönnum færi ég bestu þakkir fyrir vel unnin störf árið 2017.



| Ávarp forstjóra Bjarni Bjarnason

Árið 2017 var fróðlegt í ýmsu tilliti í starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Rekstur samstæðunnar gekk vel en árið er það fyrsta eftir að endurreisnartímabili Orkuveitunnar lauk, tímabili sem hér innanhúss gekk undir nafninu Planið. Ekki sáust merki um lausatök í rekstrarkostnaði á nýliðnu ári og er það von okkar að sú

Strax í byrjun ársins nutu viðskiptavinir Veitna góðs rekstrar þegar lækkun varð á gjaldskrá fyrir kalt vatn og rafdreifingu. Gjaldskrá rafdreifingar lækkaði svo enn frekar undir lok ársins. Starfsfólk fyrirtækjanna innan OR samstæðunnar má vera stolt af þessum árangri.

Baráttan gegn hlýnun jarðar er mikilvægasta umhverfismál okkar tíma. Íslendingar verða að leggja hönd á plóg í glímuni við loftslagsvandann. Þar skiptir engu að orkan sem við vinnum er græn; það verða allir að leggja sitt af mörkum. OR hefur sett sér það metnaðarfulla markmið að draga úr kolefnislosun um 60% til ársins 2030. Árangur í þróunarverkefninu um bindingu kolefnis í jarðlög, CarbFix, gefur okkur fulla ástæðu til að vera bjartsýn um að markmiðið náist. Á árinu 2017 gerðist það svo að erlent fyrirtæki kom upp búnaði sínum við Hellisheiðarvirkjun til að draga koltvíoxíð beint úr andrúmsloftinu og nýta svo tæknina sem við höfum þróað til að binda það varanlega í jörðu. Engan skal undra að þetta vakti mikla athygli og straumur fjölmiðlafólks lá til okkar að forvitnast um þessa nýjung. Þróunarverkefnum í vinnslu háhitans er hvergi nærri lokið og Orkuveitan stefnir að sporlausri vinnslu Hellisheiðarvirkiunar innan nokkurra ára.


Hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur í samfélaginu leggur okkur þá skyldu á herðar að hjálpa öðrum að draga úr losun hjá sér. Þar eru orkuskipti í samgöngum mikilvægasta verkefnið um þessar mundir. Orka náttúrunnar hefur nú reist hlöður um allt land, svo almenningur geti komist leiðar sinnar á rafbílum óháð búsetu, og þróað viðskiptakerfi sem leyfir gjalddöku fyrir þjónustuna. Næstu skref snúa að þéttbýlinu en gera þarf íbúum í fjölbýli kleift að hlaða bílana sína heima fyrir. Verkefnið er nokkuð snúið og útilokað er að leysa hvers manns vanda á skömmum tíma. Samstarf milli Orku náttúrunnar, rafveitu og sveitarstjórnar í hverju sveitarfélagi fyrir sig, er lykillinn að góðum árangri. Líkja má orkuskiptum í samgöngum við orkuskipti í húshitun sem urðu með hitaveitunum á sínum tíma. Þar ruddu Íslendingar braut sem engin þjóð hefur fetað jafn langt og við. Tækifæri til orkuskipta í samgöngum er hvergi betra en á Íslandi. Það er verðugt verkefni að styðja við og hraða eftir föngum.

Að sumu leyti er Gagnaveita Reykjavíkur í svipuðum sporum og Orka náttúrunnar, hitt samkeppnisfyrirtækið innan Orkuveitusamstæðunnar. Öflug uppbygging á Ljósleiðaranum svarar kalli tímans um sífellt hraðari gagnaflutning.


Krafan um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði verður sífellt sterkari. Árið 2011 setti Orkuveitan sér þau markmið í jafnréttismálum að jafna hlut kynjanna í stjórnunarstörfum og að eyða kynbundnum launamun. Á nýliðnu ári náðust bæði markmiðin. Hluttur kvenna í stjórnunarstörfum innan samstæðunnar nemur nú 51% og launamun kynjanna hefur verið eytt að fullu. Reyndar fór svo í lok ársins að mælingar sýndu 0,3% launamun konum í vil og er það í fyrsta sinn sem slær í það borðið. Greining á kynbundnum launamun er nú gerð með sérstöku reiknilíkani sem Orkuveitan hefur þróað í samstarfi við fyrirtækið PayAnalytics. Líkanið gefur okkur samtímaniðurstöður og hjálpar okkur þannig að taka launaákvæðanir sem leiða til jafnréttisniðurstöðu. Sjö af hverjum tíu starfsmönnum OR og 95% iðnaðarfólks í samstæðunni eru karlar. Á hinn bóginn eru sjö af hverjum tíu skrifstofustörfum unnin af konum. Þessu viljum við breyta, m.a. með því að styðja við fjölgun kvenna í iðngreinum.

Að öllu samaniðgöðu var árið 2017 farsælt í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur. Ánægja viðskiptavina með þjónustu dótturfyrirtækjanna þriggja; Veitna, Orku náttúrunnar og Gagnaveitunnar er talsverð. Fjárhagur Orkuveitunnar efdist þannig og nú sjáum við fram á að eigendur fyrirtækisins, sem hlupu undir bagga með rekstrinum í eftirköstum hrunsins, fari að fá sanngjarnt afgang af þeim fjármunum sem bundnir eru í samstæðunni.

Vinnsla og dreifing



Kolefnisspor CO₂ ígildi á einingu



Virðiskeðja

Verkefnum okkar má skipta upp í nokkra meginþætti með þessum hætti.

AUÐLIND <ul style="list-style-type: none"> Leit að og rannsókn auðlinda og öflun réttinda til að nýta þær. Vöktun og stýring nýtingar. 	NÝFRAMKVÆMDIR <ul style="list-style-type: none"> Hönnun og öflun leyfa. Kaup á efni og búnaði; samningar við verktaka. Eftirlit með framkvæmdum og prófanir. 	VINNSLA OG MIÐLUN <ul style="list-style-type: none"> Móttaka nýsmíði í rekstur. Stýring og vöktun vinnslu. Eftirlit, viðhald og endurnýjun. Kaup á efni og búnaði. 	VIÐSKIPTI OG ÞJÓNUSTA <ul style="list-style-type: none"> Öflun og skráning viðskiptavina. Tenging heimila og fyrirtækja. Álestur og útgáfa reikninga. Viðbrögð við bilunum. 	AUÐLIND <ul style="list-style-type: none"> Vöktun vöxta fráveitu.
--	---	--	---	--


Hagsmunaaðilar

OR samstæðan greinir hagsmunaaðila að starfseminni með tilliti til mikilvægis og áhrifa.


OPINBERIR AÐILAR Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. ALMENNINGUR Umsagnir um leyfi og kæruréttur. EIGENDUR OR Staðfesting áformna á nýjum svæðum.	OPINBERIR AÐILAR Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. VERKTAKAR OG VÖRUBIRGJAR Framkvæmdir, úttegun efnis, ráðgjöf, fjármögnun. ALMENNINGUR Umsagnir og kæruréttur. EIGENDUR OR Staðfesting stærstu fjárfestinga- og fjármögnunarsamninga.	OPINBERIR AÐILAR Vöktun á rekstri og auðindanýtingu. ALMENNINGUR Ábendingar, upplýsingar. VIÐSKIPTAVINIR Upplýsingar um afhendingarþrest. VERKTAKAR OG VÖRUBIRGJA Framkvæmdir, úttegun efnis, ráðgjöf, fjármögnun.	VIÐSKIPTAVINIR Greiðsla reikninga, álestur. OPINBERIR AÐILAR Vöktun á afhendingaröruggi, notkunarmælingum og verði.	OPINBERIR AÐILAR Vöktun umhverfisáhrifa. ALMENNINGUR Ábendingar, upplýsingar.
--	---	---	--	--

STARFSFÓLK, SAMTÖK OG FÉLÓG íólks og fyrirtækja og EFTIRLITSADILAR með starfsaðstæðum og vinnumarkaði eru hagsmunaaðilar að allri starfseminni.

Dreifikerfin



Hlutfall heimila á Íslandi tengd



Virðiskeðja

Verkefnum okkar má skipta upp í nokkra meginþætti með þessum hætti.

AUÐLIND <ul style="list-style-type: none"> Leit að og rannsókn auðlinda og öflun réttinda til að nýta þær. Vöktun og stýring nýtingar. 	NÝFRAMKVÆMDIR <ul style="list-style-type: none"> Hönnun og öflun leyfa. Kaup á efni og búnaði; samningar við verktaka. Eftirlit með framkvæmdum og prófanir. 	VINNSLA OG MIDLUN <ul style="list-style-type: none"> Móttaka nýsmíði í rektur. Stýring og vöktun vinnslu. Eftirlit, viðhald og endurnýjun. Kaup á efni og búnaði. 	VIÐSKIPTI OG ÞJÓNUSTA <ul style="list-style-type: none"> Öflun og skráning viðskiptavina. Tenging heimila og fyrirtækja. Álestur og útgáfa reikninga. Viðbrögð við tilunum. 	AUÐLIND <ul style="list-style-type: none"> Vöktun viðtaka fráveitu.
--	---	---	---	--

Hagsmunaaðilar

OR samstæðan greinir hagsmunaaðila að starfseminni með tilliti til mikilvægis og áhrifa.

OPINBERIR AÐILAR Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. ALMENNINGUR Umsagnir um leyfi og kæruréttur. EIGENDUR OR Staðfesting álorma á nýjum svæðum.	OPINBERIR AÐILAR Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. VERKTAKAR OG VÖRUBIRGJAR Framkvæmdir, úttegun efnis, ráðgjöf, fjármögnun. ALMENNINGUR Umsagnir og kæruréttur. EIGENDUR OR Staðfesting stærstu fjárfestinga- og fjármögnunarsamninga.	OPINBERIR AÐILAR Vöktun á rekstri og auðlindanýtingu. ALMENNINGUR Ábendingar, upplýsingar. VIÐSKIPTAVINIR Upplýsingar um afhendingarþrest. VERKTAKAR OG VÖRUBIRGJA Framkvæmdir, úttegun efnis, ráðgjöf, fjármögnun.	VIÐSKIPTAVINIR Greiðsla reikninga, álestur. OPINBERIR AÐILAR Vöktun á afhendingarbrýggi, notkunarmælingum og verði.	OPINBERIR AÐILAR Vöktun umhverfisáhrifa. ALMENNINGUR Ábendingar, upplýsingar.
---	---	--	--	--

STARFSFÓLK, SAMTÖK OG FÉLÖG íólks og fyrirtækja og EFTIRLITSADILAR með starfsaðstæðum og vinnumarkaði eru hagsmunaaðilar að allri starfseminni.

| Árið í hnotskurn

Árið 2017 var viðburðaríkt og lærdómsríkt í fjölbreyttum rekstri OR og dótturfyrirtækjanna. Hér er stiklað á helstu viðburðum.



1. janúar 2017

Verðbreytingar um áramót

Veitur lækka verð á rafmagnsdreifingu um 5,8% og vatnsgjald um 11,2% hjá flestum viðskiptavinum. Ástæðan er hagkvæmari rekstur en meðan á Planinu stóð var fyrirtækið skuldbundið til að halda gjaldskrár í takti við almenna verðlagsþróun.

18. janúar 2017

Nýtt tengivirki á Akranesi

Á Akranesi er fomrlega tekin í notkun ný aðveitustöð rafmagns í eigu Veitna og Landsnets. Með þessu er afhendingaröryggi rafmagns í bænum aukið en áður höfðu Veitur uppfært dreifikerfið í bænum í 11 kilóvolt.



2. febrúar 2017

Viðskiptavinir ON ánægðastir

ON fær viðurkenningu Íslensku ánægjuvogarinnar sem raforkusalinn með ánægðustu viðskiptavinina.

27. febrúar 2017

Reykjavíkurborg kaupir tvo hitaveitutanka í Öskjuhlíð

Reykjavíkurborg kaupir tvo af sex vatnsgeymum hitaveitu Veitna á Öskjuhlíð fyrir náttúruhlífssýningu og gefur fyrirheit fyrir byggingu tveggja nýrra og stærri geyma neðar í hlíðinni.



7. mars 2017

ON-Hleðslu appið komið út

ON kynnir smáforritið ON Hleðslu sem sýnir rafbílaeigendum hvar hlöður fyrirtækisins eru og í rauntíma hvort þær eru til reiðu.

7. mars 2017

Planið gekk upp

Planið gekk upp segir OR um leið og ársreikningur ársins 2016 liggur fyrir. Árangur aðgerðaáætlunarinnar varð tæpum níu milljörðum króna umfram markmið.



28. mars 2017

Starfsfólk safnaði fyrir vatnsveitu í Sýrlandi

Starfsfólk Veitna afhendir UNICEF afrakstur fjársöfnunar meðal starfsfólks fyrir vatnsveitu í stríðshrjádri Aleppo í Sýrlandi.

3. apríl 2017

Framtíðin er hafin - opinn ársfundur OR 2017

Loftslagsmál eru í brennidepli á opnum ársfundi OR.





20. apríl 2017

Magnea hjá ON fær umhverfisverðlaun Ölfuss 2017

Magnea Magnúsdóttir, umhverfis- og landgræðslustjóri Orku náttúrunnar, fær Umhverfisverðlaun Ölfuss 2017 fyrir brautryðjendaverkefni við uppgræðslu á Hellisheiði.

21. apríl 2018

Besti innri vefur Íslands

Þjónustuvefur Ljósleiðarans er valinn besti innri vefur ársins af Samtökum vefiðnaðarins.



3. maí 2017

Mest áhrif kvenna hjá OR

Áhrif kvenna eru langmest innan samstæðu OR meðal fyrirtækja í orkugeiranum samkvæmt úttekt sem Félag kvenna í orkumálum gengst fyrir.

4. maí 2017

Leiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur opnuð

ON opnar þrjár nýjar hlöður fyrir fyrir rafbíla á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur og umhverfisráðherra lýsir þessa fjölförnu þjóðleið opna rafbilum.



15. maí 2017

Ráðlagt að skola seti úr farvegi Andakílsár

Mistök eru gerð þegar hleypt er úr inntakslóni Andakílsárvirkjunar og mikill aur berst í farveg árinna. Brugðist er við með hreinsun og fleiri aðgerðum í samráði við heimamenn og vísindafólk auk endurskoðunar verklags.

5. júní 2017

Boranir með rafmagni spara meira en milljón lítra af olíu

ON semur við Jarðboranir um gufuborun á Hengilssvæðinu. Öll borun verður knúin með rafmagni sem minnkar kolefnisspor verkefnanna umtalsvert.





14. júní 2017

Nýir spennar í aðveitustöð A1 við Barónsstíg

Veitur koma nýjum öflugri spennum fyrir í aðveitustöðinni við Barónsstíg. Afl stöðvarinnar er með þessum næstum tvöfaldað en þétting byggðar í miðborginni kallar á aukin afköst rafdreifikerfisins.

20. júní 2017

Upprunavottað rafmagn frá Orku náttúrunnar

ON tilkynnir að frá 1. janúar 2017 fylgi upprunavottorð allri raforkusölu fyrirtækisins á almennum markaði.



26. júní 2017

Landgræðsluhópur ON græðir upp mosakrot

Landgræðsluhópur ON græðir upp krot í mosa í Svinahlíð í Grafningi með aðferð sem vekur mikla athygli og síðar kennd á námskeiðum fyrir fagfólk og almenning.

19. júlí 2017

„Dreginn verður lærdómur af málinu og verklagi breytt“

Veitur tilkynna á blaðamannafundi um breytt verklag við viðhald fráveitumannvirkja og upplýsingagjöf í tengslum það. Tilfnið er óánægja með frammistöðu í þessum efnum þegar viðhald dælustöðvar við Faxaskjól dróst á langinn með tilheyrandi fjórumengun.



25. ágúst 2017

Vesturhús höfuðstöðva OR illa farið

Á blaðamannafundi greinir forstjóri OR frá alvarlegum rakaskemmdum á hluta húseignanna við Bæjarháls og kynnir hugsanlegar leiðir til úrbóta.

11. september 2017

Risastyrkir til loftslagsverkefna

OR, HÍ og fjöldi samstarfsaðila víða um heim fá samtals um 1,5 milljarða króna styrk frá Evrópusambandinu til loftslagsverkefnanna við hellisheiðarvirkjun.





15. september 2017

ON og N1 opna hlöðu fyrir rafbíl á Hvolsvelli

Föstudaginn 15. september opnaði Orka náttúrunnar hlöðu með hraðhleðslu fyrir rafbíl við þjónustustöð N1 á Hvolsvelli.

18. september 2017

OR samstæðan og Verkís fá samgönguviðurkenningu

OR samstæðan er annað tveggja fyrirtækja sem hlýtur samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar fyrir markvissar aðgerðir til að stuðla að umhverfisvænni samgöngum.



5. október 2017

Hlöður opnaðar í Vík og á Kirkjubæjarklaustri

ON opnar hlöður fyrir rafbíl í Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri.

11. október 2017

Nýr áfangi í kolefnisbindingu við Hellsheiðarvirkjun

Nýtt skref er stigið í kolefnisbindingu við Hellsheiðarvirkjun með samstarfi við Climeworks, sem fangar koltvíoxíð úr andrúmslofti og nýtir búnað Hellsheiðarvirkjunar til að binda það í jörðu. Margir útbreiddustu fjölmiðlar heims fjalla um framtakið.



25. október 2017

Gagnaveita Reykjavíkur hlýtur tvönn alþjóðleg verðlaun

Gagnaveita Reykjavíkur hlýtur tvönn verðlaun á stærstu háhraðaráðstefnu heims, Broadband World Forum; bestu nýmælin í þjónustu og Erling Freyr framkvæmdastjóri er valinn háhraðamaður ársins.

1. nóvember 2017

Verð á rafmagnsdreifingu lækkar um 7,5%

Verð á rafmagnsdreifingu Veitna lækkar um 7,5%. Þetta er önnur lækkunin á árinu.



9. nóvember 2017

Fjöldmenn á málþingi um hitaveitu

OR heldur fjölsótt málþing til heiðurs Jóhannesi Zoëga fyrrverandi hitaveitustjóra sem hefði orðið 100 ára á árinu.



16. nóvember 2017

Breyttur vinnutími - stórt skref í jafnréttismálum

Stórt skref er stigið í jafnréttismálum þegar daglegur vinnutími í viðhaldsþjónustu Veitna og götuljósaflokkum ON var stytur með það fyrir augum að gera starfsfólkinu, sem flest er karlar, kleift að taka þátt í heimilisstörfum í morgunsárið.



20. nóvember 2017

OR eignist Bæjarháls 1 að nýju

Eigendur Foss fasteignafélags taka tilboði OR í öll hlutabréf félagsins og þar með fær OR aftur full umráð yfir húseignunum við Bæjarháls 1.



23. nóvember 2017

Ný hreinsistöð skólps á Kjalarnesi

Veitur taka í notkun nýja hreinsistöð fráveitu á Kjalarnesi að viðstöddum borgarstjóra og **ný hreinsistöð skólps á Kjalarnesi**

Veitur taka í notkun nýja hreinsistöð fráveitu á Kjalarnesi að viðstöddum borgarstjóra og fjölda gesta. Með þessu lýkur því risavaxanda verkefni sem hófst árið 1995 að hreinsa strendur borgarinnar.




11. desember 2017

Fjórar nýjar hlöður, sala hefst 1. febrúar

ON segir frá því að hlöðurnar fyrir rafbíla verði orðnar hátt í 50 fyrir árslok 2018 og að sala á hraðhleðslum hefjist 1. febrúar 2018.





I Umhverfi


Orkuveita Reykjavíkur er á meðal stærstu fyrirtækja landsins og frammistaða OR og dótturfélaga í umhverfismálum skiptir því máli. Samstæða OR hefur það markmið að minnka kolefnisspor rekstursins um 60% frá 2015 til 2030. Helstu umhverfisverkefni samstæðunnar má sjá í meðfylgjandi lista. Starfsemi samstæðu OR er vottuð samkvæmt ISO 14001 staðlinum. Samstæðan gefur sinna eftirliti með starfseminni, sjá viðauka.

Samstæða OR hefur lagt áherslu á að ná utan um og birta upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni, eins og fram kemur í köflum E1-E6. Birtir eru kolefnisvísar sem vonast er til að setji losun frá samstæðunni í áþreifanlegra og mælanlegra samhengi en áður. Ennfremur er áhersla lögð á vatnsvernd, vatnsvinnslu og meðhöndlun úrgangs, sjá kafla E7-E8. Í köflum sem varða sérstök umhverfisáhrif, E10, er fjallað um umhverfisslys við Andakilsárvirkjun, vinnslu úr háhitavæðum, losun brennisteinsvetnis og hreinsistöðvar fráveitu svo dæmi séu tekin.

Áhersla samstæðu OR í umhverfismálum:

- Minnka kolefnisspor rekstursins um 60% frá árinu 2015 til 2030
- Leggja ríka áherslu á vatnsvernd, sýna ábyrga vinnslu úr vatnsauðlindum og vinna heilnæmt neysluvatn til langrar framtíðar
- Sýna ábyrga umgengni og vinnslu úr lághitaauðlindum
- Sýna ábyrga umgengni og vinnslu úr háhitauðlindum, draga úr losun brennisteinsvetnis og losa jarðhitavatn á ábyrgan hátt
- Sýna ábyrga umgengni og rekstur fráveitu
- Meðhöndla úrgang á ábyrgan hátt
- Beita áfram árangursríkum aðferðum við frágang vegna rasks
- Vera í fararbroddi í vistvænum samgöngum

Bein losun samstæðu OR, binding með landbótum og viðbótarlosun, nyti CarbFix tækni ekki við, 2015-2030




Samstæða OR hefur sett sér það markmið að minnka losun koltvíoxíðs frá rekstrinum um 60% frá árinu 2015 til 2030. Útreikningar á losun eru í samræmi við staðalinn Greenhouse Gas Protocol – Corporate Accounting and Reporting Standard. Kolefnisbinding með landbótum er birt sér og ekki tekin með í útreikningi á kolefnisspori samstæðunnar, sjá viðauka. Ástæðan er sú að með landbótum eins og skógrækt og landgræðslu eru gróðurhúsalofttegundir fjarlægðar úr andrúmslofti og bundnar í gróðri en ekki er dregið beint úr losun frá starfsemi. Niðurdæling og binding á koltvíoxíði í bergi við Hellisheiðarvirkjun, sem hófst um mitt ár 2014, vegur þyngst í að minnka kolefnisspor samstæðunnar enda er um að ræða bindingu innan vinnslurásar virkjunarinnar. Árið 2017 var hlutfallsleg niðurdæling koltvíoxíðs frá Hellisheiðarvirkjun tæp 35% af útblæstri virkjunarinnar.



Vissir þú?

Frá því farið var að hreinsa og dæla niður koltvíoxíði frá Hellisheiðarvirkjun um mitt ár 2014 hafa um 25.000 tonn verið bundin í berglög við virkjunina. Þessi binding er á við að tæplega 14.000 Toyota Yaris bensinbílur, sem aka 15.000 km á ári, hafi verið fjarlægðir af götum höfuðborgarsvæðisins.

Bein og óbein losun samstæðu OR árið 2017



- **Umfang 1** - bein losun: Jarðgufuvirkjanir ON, lághiti Veitna, aðveitu- og dreifikerfi Veitna, farartæki, eigið húsnæði.
- **Umfang 2** - óbein losun: Rafmagn og hiti til eigin nota.
- **Umfang 3** - óbein losun: Úrgangur, flugferðir starfsfólks, ferðir starfsfólks í og úr vinnu.

Árið 2017 var umfang 1 eða bein losun frá kjarnastarfsemi samstæðu OR um 40.300 tonn CO₂ ígilda. Losunin er frá jarðvarmavirkjunum Orku náttúrunnar vegna vinnslu á rafmagni og heitu vatni, nýtingu jarðvarma á lághitasvæðum Veitna til húshitunar, lagnakerfi Veitna og frá bílaflota og húsnæði samstæðunnar. Umfang 2, óbein losun vegna rafmagns og hita fyrir kjarnastarfsemi samstæðu OR var um 2.800 tonn CO₂ ígilda. Umfang 3, óbein losun frá úrgangi vegna kjarnastarfsemi samstæðunnar, ferða starfsfólks í og úr vinnu og flugferða starfsfólks, var um 990 tonn CO₂ ígilda. Kolefnisbinding með landgræðslu og skógrækt er ekki talin með í útreikningi á kolefnisspori samstæðunnar enda er ekki um að ræða minnkun á beinni losun frá starfsemiinni með þessum aðgerðum heldur bindingu úr andrúmslofti. Losun gróðurhúsalofttegunda án mótvægisáðgerða frá samstæðu OR er tæp 2% af heildarlosun á Íslandi miðað við heildarlosun 2015 (Umhverfisstofnun, 2018).



Vissir þú?

Um 180 starfsmenn samstæðu OR, eða rúmlega 35% starfsfólks, nýttu vistvænan samgöngumáta í og úr vinnu árið 2017. Þannig hafa þau dregið úr óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda hjá samstæðu OR frá árinu 2014 þegar samstæðan hóf að bjóða upp á samgöngusamninga.

Það sem við er átt með kolefniskræfni er hve mikil kolefnislosun á sér stað á hverja einingu í rekstri, t.d. tekna, framleiddar einingar o.s.frv. Miðað við veltu og stærð húsnæðis hjá samstæðu OR hefur kolefniskræfni samstæðunnar dregist saman frá árinu 2015.

Orka náttúrunnar framleiðir rafmagn til neytenda og heitt vatn sem selt er í heildsölu til Veitna. Kolefnisspor á framleidda einingu rafmagns og heits vatns við virkjun hjá Orku náttúrunnar hefur lækkað frá 2015. Veitur dreifa rafmagni og heitu vatni til neytenda vinna neysluvatn og dreifa því ásamt því að reka fráveitu. Hjá Veitum hefur kolefnisspor vatnsveitu, hitaveitu og rafveitu lækkað frá árinu 2015. Kolefnisspor fráveitu hefur lækkað frá árinu 2015. Árið 2017 var í fyrsta sinn lagt mat á kolefnisspor gagnaflutnings um ljósleiðara hjá Gagnaveitu Reykjavíkur sem reyndist vera 0,7 gr. CO₂ ígildi/gigabit, [sjá töflu og mynd um kolefnisvísi](#) á framleidda einingu miðils hjá samstæðu OR. Athugið að eining fyrir rafmagn og heitt vatn er í kWst, kalt vatn er í m³, fráveitu er í persónueiningum og gagnaflutning um ljósleiðara er í gigabitum.

Lýsing	Eining	2015	2016	2017
Losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1, 2 og 3) án mótvægisáðgerða	Tonn CO ₂ ígilda _{árs}	71.485	47.599	44.073
Velta	Milljarðar kr.	40,3	41,4	44,0
Stærð húsnæðis	Þúsund m ³	780	780	780
Kolefnisvísi miðað við veltu	Tonn CO ₂ ígilda _{árs} /milljarð kr.	1.774	1.150	1.002
Kolefnisvísi miðað við stærð húsnæðis	Tonn CO ₂ ígilda _{árs} /þúsund m ³	92	61	57
Neysluvatn:				
Kolefnisvísi á framleidda einingu neysluvatns og dreifingu í byggð	gr. CO ₂ ígilda _{árs} /m ³	5,4	5,2	5,1
Heitt vatn:				
Kolefnisvísi á framleidda einingu lághitavatns*	gr. CO ₂ ígilda _{árs} /kWst	-	-	-
Kolefnisvísi á framleidda einingu heits vatns frá jarðvarmavirkjun	gr. CO ₂ ígilda _{árs} /kWst	9,8	8,3	7,5
Kolefnisvísi á framleidda dreifingu heits vatns í byggð	gr. CO ₂ ígilda _{árs} /kWst	0,05	0,06	0,06
Vegið meðaltal kolefnisvísa á heitu vatni (Veitur) í byggð	gr. CO ₂ ígilda _{árs} /kWst	3,7	3,1	2,8
Rafmagn:				
Kolefnisvísi á framleidda einingu rafmagns við virkjun**	gr. CO ₂ ígilda _{árs} /kWst	9,8	8,3	7,5
Kolefnisvísi á framleidda einingu rafdreifingar í byggð	gr. CO ₂ ígilda _{árs} /kWst	0,6	0,6	0,6
Samtals kolefnisvísi fyrir framleitt (ON) og dreift (Veitur) rafmagn	gr. CO ₂ ígilda _{árs} /kWst	10,4	8,9	8,1
Fráveita:				
Kolefnisvísi á persónueiningu (P. E.) í fráveitu	gr. CO ₂ ígilda _{árs} /P.E.	1.119	1.137	1.060
Gagnaflutningur um ljósleiðara:				
Kolefnisvísi á gagnaflutning um ljósleiðara	gr. CO ₂ ígilda _{árs} /gigabit			0,7

*Kolefnisspor hefur verið metið u.þ.b. 0 gr/kWst

**Skv. Iceland Inventory Report er vegið meðaltal losunar gróðurhúsalofttegunda á kWst af rafmagni framleiddu með vatnsafl og jarðvarma á Íslandi árið 2015 10,1 g. Fyrir vatnsafl er losun gróðurhúsalofttegunda á kWst rafmagns 1,5 g og fyrir jarðvarma 32,8 g.

Samstæða OR vinnur endurnýjanlega orku, rafmagn og heitt vatn, úr jarðvarma og vatnsaflí og notar sjálf um 10% af framleiddu rafmagni og um 1% af framleiddu heitu vatni. Jarðefnaeldsneyti, einkum díselolía er nýtt beint í tengslum við framkvæmdir og vegna reksturs samstæðu OR. Til að draga úr beinni orkunotkun vegna samgangna í tengslum við starfsemi samstæðu OR hefur til dæmis verið sett fram áætlun til ársins 2030 um endurnýjun bílaflotans með ökutækjum sem knúin eru loftslagsvænu eldsneyti því betur má ef duga skal, sjá viðauka. Til að upplýsingarnar séu sambærilegar er frumorkunotkunin sett fram í megajoule (MJ), sjá töflu.

Bein frumorkunotkun (eigin notkun) samstæðu OR	Eining	2015	2016	2017
Kerfi:				
Rafmagn	MJ	5.257.774.600	5.404.789.400	5.624.491.850
Heitt vatn*	MJ	200.466.900	177.322.800	273.098.805
Samgöngur:				
Metan	MJ	410.700	562.500	867.200
Bensín**	MJ	940.200	800.800	571.600
Díselolía**	MJ	6.392.700	6.737.900	6.524.000

* Frumorkunotkun er miðuð við nýtingu niður í 5°C.

** Umreiknistuðlar fyrir jarðefnaeldsneyti eru miðaðir við neðra brunagildi þess.



Vissir þú?

Kolefnisspor meðalheimilis er um 390 kg CO₂ ígildi á ári og er miðað við um 200 fermetra húsnæði og fjögurra til fimm manna fjölskyldu.


Eigin notkun á rafmagnni er einkum vegna vinnslu á heitu vatni, dælingar í fráveitu, heitu og köldu vatni og reksturs fasteigna. Eigin rafmagns- og heitavatnsnotkun á stærð húsnæðis hefur almennt aukist frá 2015 og og á það einnig við um orkunotkun á fjölda starfsmanna hjá samstæðu OR árið 2017. Notkun jarðefnaeldsneytis á starfsmann var minni árið 2017 miðað við árið 2015, sjá töflu. Til að upplýsingarnar séu sambærilegar er frumorkunotkunin sett fram í megajoule (MJ).

Orkuvísar	Eining	2015	2016	2017
Rafmagn (bein frumorkunotkun)	MJ	5.257.774.600	5.404.789.400	5.624.491.850
Heitt vatn (bein frumorkunotkun*)	MJ	200.466.900	177.322.800	273.098.805
Stærð eigin húsnæðis	Púsund m ³	780	780	780
Starfsmenn	Fjöldi	458	498	509
Metan	MJ	410.700	562.500	867.200
Jarðefnaeldsneyti**	MJ	7.332.900	7.538.700	7.095.600
Húsnæði:				
Rafmagnsnotkun	MJ/m ³	6.741	6.929	7.211
Heitavatnsnotkun	MJ/m ³	257	227	350
Starfsmenn:				
Rafmagnsnotkun	MJ/starfsmann	11.479.857	10.852.991	11.050.082
Heitavatnsnotkun	MJ/starfsmann	437.701	356.070	536.540
Metan	MJ/starfsmann	897	1.130	1.704
Jarðefnaeldsneyti	MJ/starfsmann	16.011	15.138	13.940


* Frumorkunotkun er miðuð við nýtingu niður í 5°C.

** Umreiknistuðlar fyrir jarðefnaeldsneyti eru miðaðir við neðra brunagildi þess.

Hlutfall beinnar frumorkunotkunar (eigin notkun) samstæðu OR 2017



Hlutfall endurnýjanlegrar orku af heildar orkunotkun samstæðu OR 2017



Samstæða OR vinnur endurnýjanlega orku, rafmagn og heitt vatn til húshitunar, úr jarðvarma og vatnsafla og notar hluta þessarar orku í starfsemi sína. Helsti orkugjafi sem er nýttur í starfsemiinni er rafmagn og er um að ræða um 99% endurnýjanlega orku. Til að upplýsingarnar séu sambærilegar er frumorkunotkunin sett fram í megajoule (MJ).

Hlutfall orku sem er notuð	Eining	2015	2016	2017
Rafmagn (bein frumorkunotkun)*	MJ	5.257.774.600	5.404.789.400	5.624.491.850
Heitt vatn (bein frumorkunotkun)*	MJ	200.466.900	177.322.800	273.098.805
Metan	MJ	410.700	562.500	867.200
Jarðefnaeidsneyti	MJ	7.332.900	7.538.700	7.095.600
Heildar orkunotkun	MJ	5.465.985.100	5.590.213.400	5.905.553.455
Hlutfall endurnýjanlegrar orku af heildarorkunotkun	%	99	99	99

* Frumorkunotkun er miðuð við nýtingu niður í 5°C.



Vissir þú?

Vorið 2017 settum við okkur það markmið að ná matarsóun niður úr 20 kg á dag í 16 kg á dag í matstofunni að Bæjarhálsi. Starfsfólk gerði gott betur og í lok desember voru matarleifar á diskum 9 kg á dag. Við höfum þannig komið í veg fyrir að um 20 máltíðum hafi verið hent af mat á dag.

E6 Endurnýjanleg orkukræfni

OR




Styður heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna



Ljósmynd: Gretar Ivarsson

Fyrir hvert MJ sem samstæða OR nýtir af óendurnýjanlegri orku eru 830 MJ endurnýjanleg orka.

Gæði neysluvatns í Reykjavík



Árið 2017 tryggðu vatnsveitur Veitna íbúum og fyrirtækjum á veituvæðinu heilnæmt neysluvatn sem samræmist gæðastöðlum, ákvæðum laga og reglna og markmiðum Veitna, sjá viðauka.

Vatnsból Veitna eru þrettán og er vatnið notað á höfuðborgarsvæðinu og á Vestur- og Suðurlandi. Vatnsból Orku náttúrunnar eru tvö, sjá viðauka. Dreifikerfi vatnsveitnanna þjónar alls um 45% þjóðarinnar. Markvisst er unnið að forvörnum og eftirliti til að tryggja gæði vatnsins.

Árið 2017 uppfylltu öll sýni sem tekin voru í Reykjavík gæðakröfur. Gerlar mældust í einu sýni yfir viðmiðunarmörkum á Vesturlandi en við endurtekná sýnatöku stóðst sýni gæðakröfur. Annars uppfylltu sýni á landsbyggðinni gæðakröfur, sjá viðauka.

Heiðmörk er vatnstökusvæði Veitna fyrir höfuðborgarsvæðið og byggist sú vatnsvinnsla alfarið á hreinu og ómeðhöndluðu grunnvatni. Vatnsvernd er afmörkuð utan um vatnsbólin. Eftirlitsmaður Veitna fylgist með vatnsverndarsvæðinu, þar á meðal flutningi á olíu, bensíni ásamt öðrum varasömum efnum, sjá viðauka. Samstæða OR leggur ríka áherslu á vatnsvernd svo að komandi kynslóðir geti notið þeirra náttúrugæða sem heilnæmt og ómeðhöndlað vatn er.

Bein notkun á köldu vatni er til neyslu en þáttur kælingar og rekstrar í jarðvarmavirkjunum vegur þyngst.



Vissir þú?


Við Íslendingar notum hvert og eitt um 150 lítra af vatni á dag, einkum í eldamennsku, böð, salerni og þvotta

E8 Ábyrg meðhöndlun úrgangs



Styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Flokkun úrgangs hjá samstæðu OR 2013-2017




Losun gróðurhúsalofttegunda frá urðuðum úrgangi hefur aukist verulega frá árinu 2015. Hlutur úrgangs úr hreinsistöðvum fráveitu er mestur eða rúmlega 60% af heildarmagni urðaðs úrgangs og asbest var um 30% af heildarmagninu vegna framkvæmda við Deildartungulögn. Takmarkaður möguleiki er á því að stýra því hve mikill úrgangur af þessari gerð fellur til en séð er til þess að hann sé urðaður á viðurkenndum urðunarstöðum. Magn annars úrgangs ýmist jókst eða dróst saman. Úrgangur jókst meðal annars frá skrifstofurými vegna einskíptisaðgerða í skrifstofurekstri en verulegur hluti starfsfólks flutti sig til á árinu vegna rakaskemmda í húsnæði OR. Í viðaukum má sjá hvernig úrgangur skiptist á milli úrgangsflokka, starfsstöðva og sveitarfélaga.

Ráðist var í áttak til að draga úr matarsóun og minnkaði hún um 50% árið 2017. Áfram verður haldið með þetta verkefni.

E9 Umhverfis- og auðlindastefna



Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna



Ljósmynd: Magna Magnúsdóttir

Samstæða OR starfar eftir umhverfis- og auðlindastefnu sem er skuldbinding OR um stöðugar umbætur í umhverfismálum. Hún byggir á fimm meginreglum sem eiga við allar starfseiningar: Ábyrga auðlindastýringu, gagnsemi sem felst í aðgangi að veitum fyrirtækisins, áhrif losunar vegna starfseminnar, áhrif í samfélaginu og starfsemi fyrirtækisins. Stefnan nýtist sem grundvöllur góðs samstarfs við hagsmunaaðila. Umhverfis- og auðlindastefnan byggir á gildum og heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Samstæða OR hefur skilgreint á þriðja tug þýðingarmikilla umhverfisþátta. Þættirnir eru skilgreindir til þess að nálgast megi umhverfismálin skipulega, með skýrum markmiðum og skilgreiningu ábyrgðar á að þeim sé náð.

| E10 Sérstök umhverfisáhrif

Fjallað er um umhverfisslys við Andakílsárvirkjun, bilun í skólpdælustöð við Faxaskjól ásamt umhverfisáhrifum þeirra þýðingarmiklu umhverfisþátta sem samstæða OR hefur skilgreint með hliðsjón af þeim meginreglum sem fram koma í umhverfis- og auðindastefnu fyrirtækisins.

Þar ber hæst ábyrga vinnsla úr lághita- og háhitasvæðum, losun brennisteinsvetnis, losun jarðhitavatns og nýjar hreinsistöðvar fráveitu á Kjalarnesi, Akranesi og Borgarnesi. Rekstur lofthreinsistöðvar við Hellisheiðarvirkjun hefur gengið vel og getur hún nú hreinsað tæp 70% af brennisteinsvetninu og tæp 35% af koltvíoxíðinu frá virkjuninni. Sett hefur verið í forgang að ná tókum á losun jarðhitavatns við Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun og með tilkomu hreinsistöðva fráveitu á Vesturlandi hafa íbúar og atvinnulíf á öllu safnsvæði samstæðunnar nú kost á að tengst veitukerfi eða hreinsivirki.

| Umhverfisslys við Andakílsárvirkjun



Mikið set úr inntakslóni Andakílsárvirkjunar barst í farveg Andakílsár um miðjan maí 2017 þegar lónið var vatnstæmt vegna ástandsmats á stíflumannvirkjum. Vöktun var ábótavant og starfsfólk Orku náttúrunnar áttaði sig ekki á umfangi aurburðarins meðan botnrás stíflunnar stóð opin. Orka náttúrunnar tekur ábyrgð á þeim umhverfisáhrifum sem urðu á lífríki Andakílsár og hefur kappkostað að draga úr þeim.

Hafrannsóknastofnun var fengin til að rannsaka umhverfisáhrifin og leiðbeina um viðbrögð. Stofnaður var verkefnahópur skipaður sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar, Háskóla Íslands, fulltrúum veiðifélaga, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Skorradalshrepps, Borgarbyggðar og Orku náttúrunnar. Ráðist var í hreinsunaraðgerðir og fiskur tekinn í klak til að draga úr neikvæðum áhrifum á lífríkið.

Áfram er fylgst með svo unnt verði að taka ákvörðun um frekari aðgerðir.

Bilun í skólpdælustöð við Faxaskjól

Í júní 2017 bilaði neyðarloka í skólpdælustöð við Faxaskjól í Reykjavík og fór óhreinsað skólþ í sjó í 17 daga frá miðjum júní og fram í miðjan júlí. Það láðist að tilkynna opinberlega að óhreinsað skólþ færi í sjó og þykir Veitum miður að almenningur hafi orðið fyrir óþægindum vegna þessa. Í kjölfarið fóru Veitur og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar yfir verkferla og breyttu þeim þannig að nú eru tilkynningar til almennings markvissari og fráveitusjá er komin á vef Veitna. Dælustöðin við Faxaskjól flytur skólþ frá Norðlingaholti, hluta Árbæjar, Breiðholti, Fossvogi, Garðabæ og Kópavogi í skólþhreinsistöðina í Ánanaustum.

Ábyrg umgengni og vinnsla úr lághitaauðlindum

OR



Styður heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Árið 2017 var vinnsla á lághitasvæðum Veitna á höfuðborgarsvæðinu og flestum dreifisvæðum á landsbyggðinni í samræmi við skilgreiningu fyrirtækisins og ákvæði í lögum og reglugerðum. Veitur reka þrettán hitaveitur: eina á höfuðborgarsvæðinu sem er sú stærsta, fimm á Vesturlandi og sjó á Suðurlandi, sjá viðauka. Hitaveiturnar þjóna um 70% þjóðarinnar. Lághitasvæðin á höfuðborgarsvæðinu eru nýtt jafnt og þétt og allt bendir til þess að hægt sé að viðhalda þeirri notkun um fjórsjúanlega framtíð, sjá viðauka. Ástand flestra lághitasvæða á Suður- og Vesturlandi er gott en þó eru undantekningar þar á. Afla þarf meira heits vatns fyrir Rangárveitu sem þjónar þéttbýliskjörmunum Hellu og Hvolsvelli og í Hveragerði. Haustið 2017 var ráðist í borun eftir heitu vatni í landi Götu við Laugaland en árangur varð ekki í takt við væntingar. Staðan verður metin aftur vorið 2018. Vatns- og gufuöflun var betri í Hveragerði árið 2017 en árið 2016.



Vissir þú?


Á höfuðborgarsvæðinu eru lághitasvæði og heitt vatn þaðan er nýtt til húshitunar. Svæðin eru í Elliðaárdal og Laugarnesi í Reykjavík og að Reykjum og Reykjahlíð í Mosfellsbæ

Ábyrg umgengni og vinnsla úr háhitaauðlindum

OR



Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna




Árið 2017 var orkuvinnsla á Nesjavöllum og á Helliheiði í samræmi við nýtingarleyfi og markmið Orku náttúrunnar. Í ljós kom að dvinun á vinnslusvæði Helliheiðarvirkjunar varð ekki eins mikil og búist hafði verið við. Orka náttúrunnar fylgist vel með niðurdrætti í Hverahlíð og í eldra vinnslusvæði Helliheiðarvirkjunar, sjá viðauka. Árið 2017 hófst undirbúningur að öflun leyfa til að stækka vinnslusvæðið enn frekar til að tryggja sjálfbæra nýtingu jarðhitaauðlindar fyrir Helliheiðarvirkjun. Vinnsla Nesjavallavirkjunar var svipuð og undanfarin ár.

Árið 2017 var um 60% af jarðhitavatninu frá Hellsisheiði skilað niður í niðurdælingarsvæðin við virkjunina, rúmlega 30% fór út um kæliturnna sem gufa og restin, um 7%, fór á yfirfall, sjá viðauka. Árið 2017 var rúmlega 50% af jarðhitavatni frá Nesjavöllum skilað niður fyrir köld grunnvatnsliög um niðurdælingarholur, sjá viðauka. Jarðhitavatni er dælt niður til að vernda yfirborðsvatn og grunnvatn því jarðhitavatnið er heitara en grunnvatn og með aðra efnasamsetningu.

Annað markmið er að stýra niðurdælingu þannig að hún styðji við þrýsting í jarðhitageyminum sem stuðlar að aukinni sjálfbærni nýtingarinnar. Við ákveðnar aðstæður í rekstri Hellsisheiðarvirkjunar er ekki hægt að dæla nema hluta jarðhitavatsins í dýpri borholur sem tengdar eru sama háhitakerfi og vinnsluholumnar. Við þær aðstæður fer hluti skiljuvatnsins í grunnar borholur vestan við virkjunina.

Undanfarin ár hefur verið unnið að mörgum rannsóknar- og þróunarverkefnum til að uppfylla kröfur um niðurdælingu á Hellsisheiði og hefur talsverður árangur náðst og þekking á áhrifum niðurdælingar aukist, sjá viðauka. Í kjölfar endurhönnunar á kæliturni við Nesjavallavirkjun árið 2017 mun losun upphitaðs grunnvatns á yfirborð minnka verulega. Vatnshiti í lindum við Þingvallavatn, sjá mynd. Styrkur efna í vöktunarholum í nágrenni við báðar virkjanirnar er undir neyslumatnmörkum, sjá viðauka.

Vatnshiti í Varmagjá við Þingvallavatn



Nesjavallavirkjun var gangsett árið 1990.

Þegar rafmagnsframleiðsla hófst í virkjuninni árið 1998 jókst varmamengun umtalsvert.

Nokkuð dró úr varmamengun eftir að niðurdælingarholur voru teknar í notkun 2004-2008 og kæliturn gangsettur 2005.



Vissir þú?

Styrkur snefilefna í jarðhitavatni hér á landi er mun lægri en á jarðhitasvæðum erlendis vegna jarðfræðilegra aðstæðna. Arsen, blý, kadmíum og kvikasílfur í jarðhitavatni frá Nesjavallavirkjun hafa helst verið talin geta haft neikvæð áhrif á lífríki í Þingvallavatni. Niðurstöður mælinga sýna ekki tölfræðilega marktæk áhrif á lífríkið af völdum þessara snefilefna.



Ljósmynd: Gretar Ívarsson - Vinnsluhúsið (HE-46, 52) í Sleggjubeinsdal við Húsmúla.

Niðurdæling getur valdið skjálftavirkni, svokallaðri örvaðri skjálftavirkni eða gikkskjálftum. Það er vel þekkt á niðurdælingarsvæðum Helliðarvirkjunar einkum á Húsmúlasvæðinu, sjá viðauka. Skjálftarnir verða þegar niðurdælingin losar spennu sem hlaðist hefur upp í jarðlögum vegna jarðskorpuhreyfinga. Orka náttúrunna vinnur eftir verklagi sem miðar að því að lágmarka hættu á örvuðum jarðskjálftum á svæðinu.


Á seinni hluta árs 2017 voru sendar út fjórar tilkynningar til skjálftavaktar Veðurstofu Íslands og Almannafræðisviðs ríkislögreglustjóra vegna breytinga á niðurdælingu. Smáskjálftar mældust í tengslum við þessar breytingar eins og búast mátti við en enginn var það stór að hann myndist í byggð. Fjórir nýir jarðskjálftamælur voru settir upp í sunnanverðum Henglinum haustið 2017.

Styrkur brennisteinsvetnis (H₂S) í byggð fór fjórum sinnum yfir viðmiðunarmörk árið 2017, tvisvar sinnum í Norðlingaholti og tvisvar sinnum í Hveragerði. Árangur hreinsunar og niðurdælingar á brennisteinsvetni frá Hellsheiðarvirkjun var umtalsverður árið 2017 og var hlutfallsleg niðurdæling brennisteinsvetnis tæp 70%.


Í desember 2017 lauk tengingu lofthreinsistöðvar við Sleggju vegna frekari hreinsunar og niðurdælingar og í kjölfarið hófust prófanir og er að vænta niðurstöðu um árangur á árinu 2018. Losun brennisteinsvetnis frá virkjunum á Hengilssvæðinu hefur verið stærsta umhverfismál Orku náttúrunnar því brennisteinsvetni veldur lyktarmengun, tæringu á málum og er hættulegt fólk í háum styrk. Losun brennisteinsvetnis frá Nesjavallavirkjun og Hellsheiðarvirkjun var samtals rúmlega 9,5 þúsund tonn árið 2017, sjá viðauka.

Unnið er að áætlun um sporlausa vinnslu í virkjunum ON.


Mælingar á brennisteinsvetni (H₂S) á Norðlingaholti 2017



Mælingar á brennisteinsvetni (H₂S) í Hveragerði 2017




Mælingar á brennisteinsvetni (H₂S) í Lækjarbotnum 2017




Vissir þú?

Glópagull er steintegund sem myndast úr brennisteinsvetni.





Árið 2017 var stofnaður jarðhitagarður við Hellisheiðarvirkjun í samstarfi við Sveitarfélagið Ölfus þar sem leitað er leiða til að auka fjölbreytta notkun á varma, rafmagni og jarðhitalofttegundum frá virkjuninni. Fjölbreytt notkun jarðhitans getur aukið hagkvæmni og eftir umhverfisvænan rekstur og nýsköpun í atvinnulífi. Skiljuvatn frá Hellisheiðarvirkjun er notað til framleiðslu á fæðubótarefni hjá fyrirtækinu geoSilica og ýmis sprotafyrirtæki hafa sýnt áhuga á því að nýta koltvísýring frá virkjuninni.



Árið 2017 voru nýjar hreinsistöðvar fráveitu gangsettar á Kjalarnesi og Akranesi og stöðin í Borgarnesi verður gangsett vorið 2018. Á öllu safnsvæði Veitna hafa íbúar og atvinnulíf þá aðgang að veitukerfi eða hreinsivirki í samræmi við lög, reglur og markmið Veitna. Veitur annast uppbyggingu og rekstur fráveitu í Reykjavík og á Vesturlandi, sjá viðauka. Frárennslí frá Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi auk hluta Garðabæjar er hreinsað í hreinsistöðvum við Ánanaust og Klettagarða.

Fráveitur Veitna þjóna um 40% þjóðarinnar. Niðurstöður mælinga á skólpmengun við jaðar þyningarsvæða í Faxaflóa árið 2017 sýna að fjöldi örvera var undir viðmiðunarmörkum en yfir mörkum fyrir saurkóligerla á nokkrum stöðum við strandlengjuna annað árið í röð, sjá viðauka.

Útstreymisbókhald hreinsistöðva Veitna er í viðaukum. Örverur hafa mælst yfir mörkum úr útrennslí eða viðtaka lífrænu hreinsistöðvanna á Vesturlandi undanfarin ár. Undanfarin ár hefur verið reynt að finna skýringar á fjölda örvera í viðtaka í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands en ekki hafa fundist viðhlítandi skýringar á örverumenguninni.



Vissir þú?

Með tilkomu dælu- og hreinsistöðva á höfuðborgarsvæðinu dró mjög úr mengun við strandlengjuna og þannig varð mögulegt að taka í notkun ylströnd í Nauthólsvík.

Samstæða OR hefur umsjón með tæplega 19.000 hekturum lands og eru tæpir 16.000 hektarar innan verndarsvæða, sjá viðauka. Í viðauka er birtur listi yfir tegundir fugla og plantna á válista sem hafa þar búsvæði. Lögð er áhersla á góðan frágang, endurheimt náttúrlægs umhverfis og minnkun sjónrænna áhrifa á virkjanasvæðum Orku náttúrunnar og athafnasvæðum Veitna, Gagnaveitu Reykjavíkur og OR. Þetta er gert í samvinnu við leyfisveitendur og í samræmi við markmið samstæðu OR. Tæplega 7 hektarar voru ræktaðir upp með staðargróðri árið 2017.

Umhverfis- og landgræðslustjóri Orku náttúrunnar hlaut Umhverfisverðlaun Ölfuss 2017 fyrir brautryðjendastarf við uppgræðslu á Hellisheiði.

Hengilssvæðið er fjölbreytt útivistarsvæði en gönguleiðir hafa látið verulega á sjá vegna aukinnar umferðar ferðafólks til dæmis á Ölkelduhálsi, í Sleggjubeinsskarði, í Skeggjadal og austan við Tjarnahnjúk meðfram Álfatjörn.



Vissir þú?

Samstæða OR setur það sem skilyrði í útboðum að gróður sem myndi ella spillast við framkvæmdir sé varðveittur og notaður í frágang á sömu svæðum.



Ljósmynd: Bjarni Lindal

Innkaup OR og dótturfélaga á vörum og þjónustu eru umfangsmikil, sérstaklega hvað varðar lagnaefni og rafmagnsbúnað.

Innkaupabörfin er metin hjá fyrirtækjunum og kappkostað að nýta vel aðkeypt efni og birgðir eða koma þeim í verð. Nýting á eldri birgðum var góð árið 2017 og lækkaði birgðastaða um 12% milli ára.

Stuðst er við umhverfismerkingar í innkaupum á rekstrarvörum til dæmis pappír og ræstivörum. Um 50% af innkaupum ársins 2017 á ljósritunarpappír, umslögum, prentgripum, ræstiefni, rittföngum og prenthylkjum voru umhverfismerkt. Prentun og ljósritun er stýrt og hefur dregist saman á mann um 22% frá árinu 2015, sjá viðauka.

Samstæða OR hefur ekki skimað birgja eftir umhverfisvísium. Fyrirtækin hafa ekki undir höndum mat á mögulegri eða raunverulegri hættu á neikvæðum umhverfisáhrifum í aðfangakeðju þeirra eða viðbrögð við slíkum áhrifum.



Vissir þú?

Undanfarin tvö ár hefur verið gert átak í að fækka þeim sem fá orkureikninga og reikningsyfirlit send á pappír. Álagningarseðlar eru einungis sendir á pappír til þeirra viðskiptavina sem eru 68 ára og eldri. Hefur notkun pappírs og umslaga vegna orkureikninga og vatns- og fráveitugjalda dregist saman um 40% á þessu tímabili.

Helstu varasömu efnin í notkun hjá samstæðu OR eru asbest, grunnefni sem nýtt er í einangrunarfrauð, klór, sýrur og basar, suðugas og jarðhitagös, olíur og leysiefni. Árið 2017 var töluvert notað af skaðlegum efnum líkt og undanfarin ár. Þær umbætur sem ráðist hefur verið í vegna geymslu á varasömum efnum, flokkun og förgun þeirra hafa aukið vitund starfsfólks á mikilvægi þessa málaflokks.

Vorið 2017 voru haldnar vinnustofur um varasöm efni fyrir starfsfólk Veitna sem nota slík efni. Samstæða OR losar ekki ósoneyðandi efni vegna starfsemi sinnar. Gerð er grein fyrir flutningi nokkurra varasamra efna í viðauka.


Ábendingar og kvartanir



Ljósmynd: Einar Órn Jónsson

Umhverfisslys varð við Andakílsárvirkjun þegar mikið set barst úr inntakslóni virkjunarinnar í farveg árinna, sjá nánar um umhverfisslys við Andakílsárvirkjun. Mengunarslys varð við vatnsverndarsvæði við Rauðsgil í Borgarfirði þar sem grípa þurfti til hreinsunar. Árið 2017 bárust tæpar 600 ábendingar frá viðskiptavinum um umhverfismál og beindust um 560 þeirra að umgengni, 13 að brennisteinsvetni, átta að losun óhreinsaðs skólps í sjó, sex að umhverfisslysi í Andakílsá, ein vegna hávaða og ein vegna heilnæmi neysluvatns.


Árið 2017 bárust um 60 ábendingar um umhverfismál frá starfsmönnum OR og beindust flestar þeirra að umgengni eða rúmlega 40. Allar ábendingarnar voru rýndar og fjallað er um viðbrögð í viðauka. Í viðauka er greint frá tilkynningum til leyfisveitenda og tilefnum þeirra. Samstarf við leyfisveitendur, hagsmunaaðila og viðskiptavini er starfsfólki samstæðu OR mikilvægt því slík samvinna beinir athygli og áhersluatriðum að því sem skiptir fólki mestur máli. Dæmi um slíkt eru reglubundnir fundir með leyfisveitendum og miðlun upplýsinga frá OR samstæðunni til samfélagsmiðla.



OR og Veitur, Orka náttúrunnar og Gagnaveita Reykjavíkur gegna því samfélagslega hlutverki að fólk njóti vatnsveitu, fráveitu, rafveitu, hitaveitu og gagnaveitu. Veigamesta samfélagsleg ábyrgð Orkuveitu Reykjavíkur felst í því að þessi grunnþjónusta sé áreiðanlega fyrir hendi og ánægja viðskiptavina með þjónustuna. Það skiptir líka máli hvernig þjónustan er veitt.


OR vill vera eftirsóknarverður vinnustaður og lítur svo á að hæft og ánægt starfsfólk sé forsenda þess að markmiðum verði náð. Á íslenskan mælikvarða er OR samstæðan stór og því gætir áhrifa starfshátta hennar víða um samfélagið. OR vill vera til fyrirmyndar og leita stöðugra úrbóta við að rækja samfélagslega ábyrgð sína.

Ánægja viðskiptavina 2017




Fyrirtækin innan samstæðunnar fylgjast grannt með ánægju viðskiptavina með því að gera reglubundnar þjónustukannanir. Niðurstaða þeirra myndar vísitölu sem hér er sýnd fyrir hvert dótturfyrirtækjanna þriggja.

Þjónustuöryggi veitnanna



Útreikningur á afhendingaröryggi er byggður á aðferð sem lengi hefur verið við lýði hjá rafveitunum. Hún byggist á því að samanlögð lengd truflunar hjá hverjum notanda sem fyrir henni verður er deilt niður á alla viðskiptavini hveirrar veitu. Veitur tóku þessa aðferð upp fyrir hitaveitu árið 2015 og fyrir vatnsveitu 2016.

Starfsánægja




OR og dótturfélagögin hafa gengið í gegnum miklar breytingar síðustu ár. Ánægja starfsfólks samkvæmt reglubundnum vinnustaðargreiningum hefur vaxið merkjanlega á þessum umbrotatímum.

| S1 Launahlutfall forstjóra

Stjórn OR ræður forstjóra fyrirtækisins, semur starfslýsingu hans og ákveður starfskjör. Stjórn tekur mið af ákvæði eigendastefnu OR að laun stjórnenda skulu standast samanburð við sambærileg störf, þó að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila. Starfskjaranefnd OR endurskoðar laun forstjóra árlega með tilliti til markmiða og mælikvarða fyrirtækisins.

Launahlutfall forstjóra er reiknað sem heildarlaunagreiðslur forstjóra deilt með miðgildi launa fastráðinna starfsmanna innan samstæðunnar.

Launahlutfall forstjóra




S2 Kynbundinn launamunur



Styður heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Óútskýrður kynbundinn launamunur hjá OR




Orkuveita Reykjavíkur leggur mikla áherslu á jafnrétti kynjanna og hlaut Jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs 2014 og Hvatningarverðlaun jafnréttismála frá samtökum atvinnulífsins 2015. OR er aðili að Jafnréttissáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á árinu 2017 tók OR í notkun nýtt líkan sem starfsfólk OR þróaði í samstarfi við vísindafólk. Það greinir áhrif hvorrar einustu launaákvörðunar á kynbundinn launamun. Með því á fyrirtækið auðveldara með að ná markmiði sínu um að útrýma honum.


OR er mjög kynjaskiptur vinnustaður og við mat á kynbundnum launamun er litið til viðurkenndra áhrifaþátta. Þeir helstu eru vinnutími, starfshlutfall, ábyrgð, frammistaða, menntun og væntingar um vöxt starfsmannsins í starfi. Eftir stendur óútskýrður kynbundinn launamunur sem ekki er liðinn í starfskjarastefnu OR og tókst að útrýma á árinu 2017. Tölur OR eru teknar út af PwC ár hvert, síðast í júní 2017. Talan fyrir desember 2017 er óstaðfest af ytri aðila en reiknuð með sama hætti og fyrr. Fyrirtækið vinnur að jafnlaunavottun, sbr. breytingu á Jafnréttislögum með lögum nr. 56/2017.

OR fylgist með starfsmannaveltu hjá samstæðunni meðal annars eftir aldri og kyni. Tengsl eru á milli efnahagsástands og starfsmannaveltu. Starfsmannavelta jókst frá árinu 2016. Tvennt ræður mestu um það. Breytingar hjá fyrirtækinu og aukin eftirspurn á vinnumarkaði.

Starfsmannavelta




Starfsmannavelta



Starfsmannavelta eftir aldri	Allir sem hættu	Hætta að eigin ósk
20-29	16,9%	13,6%
30-39	6,0%	1,7%
40-49	13,2%	7,9%
50-59	5,6%	3,2%
60-69	4,6%	1,2%

Kynjahlutfall eftir starf flokkum



OR er kynjaskiptur vinnustaður og unnið er að því að fjölga konum meðal iðnaðarmanna og sérfræðinga og körlum meðal skrifstofufólks. Samkvæmt úttekt Ernst&Young í maí 2017 eru áhrif kvenna innan orkugeirans mest hjá OR samstæðunni. Á árinu 2017 var vinnutíma iðnaðarmanna og útivinnufólks hjá Veitum og ON breytt til að auka möguleika karla í þessum störfum að axla ábyrgð á heimilisrekstri og jafnframt að vinnutíminn væri síður hindrun fyrir umsóknir kvenna í þau störf. OR hefur ekki tölur yfir kynjaskiptingu meðal verktaka.




Vissir þú?

Orkuveita Reykjavíkur hefur í þrjá vetur starfað með Árbæjarskóla að verkefni sem kallast Iðnir og tækni. Um er að ræða valáfanga í 10. bekk sem hefur það markmið að vekja áhuga nemenda á iðn- og tæknistörfum og kynna þau fjölbreyttu störf og starfstækifæri sem iðn- og tækninám hefur upp á að bjóða.

| S5 Hlutfall tímabundinna ráðninga

Tímabundnar ráðningar



Löng hefð er fyrir því hjá veitufyrirtækjunum að ráða ungmenni til sumarstarfa og eru þau mikill meirihluti tímabundinna ráðninga. Öðrum tímabundnum ráðningum hefur fækkað lítillega síðustu ár. OR og dótturfyrirtækin kaupa að mikla vinnu frá stórum fyrirtækjum á borð við verkfræðistofur og framkvæmdaverktaka. Sumt starfsfólk stærri og smærri verktaka vinnur að verulegu leyti fyrir OR eða dótturfyrirtæki. Sá hópur hefur ekki verið skilgreindur og OR hefur ekki tölulegar upplýsingar um samsetningu þessa hóps.

| S6 Jafnréttisstefna


OR




Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Jafnréttisstefna er skuldbinding Orkuveitu Reykjavíkur um stöðugar umbætur í jafnréttismálum. OR leggur mannréttindarákvæði stjórnarskrárinnar til grundvallar jafnréttisstefnu sinni. Á árinu 2017 var meðal annars áfram unnið að verkefnum lóðir og tækni með strákum og stelpum úr Árbæjarskóla, unnið að innleiðingu jafnlaunavottunar sbr. áskilnað í lögum og vinnutími starfshópa þar sem karlar eru í miklum meirihluta stytur. Jafnréttisnefndir eru starfandi innan allra fyrirtækjanna í samstæðu OR og vinnur hver nefnd eftir framkvæmdaáætlun og er ábyrgð æðsta stjórnanda hvers fyrirtækis að hún sé í samræmi við Jafnréttisstefnu OR, sem samþykkt er af stjórn.

S7 Heilsa og öryggi


OR | 3  Styður heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Fjarveruslys á hverja milljón vinnustunda



OR lítur svo á að ekkert verk sé svo mikilvægt að hætta megi öryggi starfsfólk við framkvæmd þess. Stefna OR í öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismálum (ÖHV-stefna) var endurskoðuð af stjórn á árinu 2017. Stefint er að slysalausum vinnustað. Það markmið náðist ekki árið 2017. OR gerir skýrar kröfur um öryggismál í öllum útboðum og þá kröfu til verktaka í framkvæmdaverkum að öryggisreglum fyrir verktaka sé fylgt. Þá hefur OR gefið út Öryggishandbók. Gerð er krafa um að starfsmenn verktaka sækji viðurkennt námskeið í öryggismálum. OR starfrækir tilkynningagrunn sem starfsfólk skráir í hættur. Skráningarnar eru grunnur umbótastarfs í öryggismálum og hefur þeim fjölgað ár frá ári. Við verkkaup er eftirlit með öryggisþáttum óaðskiljanlegur hluti verkefirlits. Starfsemi allra fyrirtækja í samstæðu OR nýtur óháðrar vottunar samkvæmt staðlinum OHSAS 18001.

Veikindi starfsfólks



OR hefur stefnu í öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismálum (ÖHV-stefnu) sem er reglulega rýnd af stjórn OR. Á árinu 2017 var gerð umfangsmikil heilsufarsrannsókn meðal starfsfólks. Starfsfólki gafst kostur á ráðgjöf ef niðurstöður þóttu gefa ástæðu til. Líkamsræktaraðstaða er fyrir hendi á aðalstarfsstöð OR og á árinu var ákveðið að starfsfólk gæti sótt líkamsrækt allt að tveimur klukkustundum í viku á vinnutíma. Áhersla var lögð á andlega heilsu með námskeiðum fyrir stjórnendur svo þeir eigi betur með að koma auga á einkenni vanlíðunar meðal starfsmanna. Á meðal annarra tilboða á árinu voru núvitundarnámskeið og styrktarleikfimi á vinnutíma.

Á árinu uppgötvuðust alvarlegar rakaskemmdir á hluta húsnæðis OR við Bæjarháls. Ljóst þótti að þær höfðu haft áhrif á heilsu einhverra starfsmanna. Sýkta húsið var rýmt. Þeim sem áfram kenndu sér meins vegna þessa var gefinn kostur á starfsstöð þar sem ólíklegast þótti að raka og myglu af hans völdum væri vart.

S9 Barna- og nauðungarvinna



OR kappkostar að starfa í samræmi við íslenska vinnulöggjöf og stefna fyrirtækisins í ÖHV-málum og starfskjaramálum gengur lengra en löggjöfin á þessum sviðum. OR hefur aldrei borist kvörtun frá starfsfólki OR eða stéttarfélögum þess vegna þessara mála.


OR gerir sér grein fyrir hættu á því að verktakar á vegum OR eða undirverktakar þeirra fylgi ekki reglum. Í því skyni hefur OR meðal annars;

- innleitt keðjuábyrgð í verkútboðum og verksamningum,
- gert kröfu um að reikningar vegna aðkeyprar vinnu megi ekki vera fyrir lengri tíma en rúma sjö tíma á sólarhring nema með leyfi frá OR (slíkt leyfi hefur ekki verið veitt) og
- gert kröfu í verksamningum um að launagreiðslur og tryggingar séu í samræmi við íslensk lög.

Á árinu 2017 var einu sinni kallað eftir gögnum vegna síðastnefndu kröfunnar og reyndust greiðslur í samræmi við kjarasamning.


Þar sem alþjóðlegt vottunarkerfi er ekki fyrir hendi vegna barna- og nauðungarvinnu á OR erfitt með að staðfesta að slíkt fari ekki fram innan allrar virðiskeðju fyrirtækisins, t.d. í kaupum á vöru, en riftunarákvæði eru í mörgum innkaupasamningum OR verði uppvíst um slíkt.

S10 Mannréttindi



Jafnréttisstefna OR tekur til mannréttinda samkvæmt þeim þáttum sem tilgreindir eru í stjórnarskrá Íslands. Í síðareglum fyrirtækisins er einnig sérstakur kafli helgaður mannréttindum og jafnrétti. Fræðsla um þetta efni er reglubundin. Á árinu 2017 var gefið út rafrænt fræðsluefni um kynbundna og kynferðislega áreitni og haldið var námskeið í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur um efnið, sem allir starfsmenn þurftu að sækja. Skráð verklag er í gildi um viðbrögð við kvörtunum um einelti eða kynferðislega áreitni og geta starfsmenn leitað nafnlaust til ytri aðila í trúnaði telji þeir sig verða fyrir slíku ofbeldi á vinnustaðnum.

Hlutfall starfsfólks sem segist hafa orðið fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni



OR fylgist náið með þróun mála sem varða aðbúnað á vinnustað og menningu. Vinnustaðurinn er kynskiptur að verulegu leyti og brugðist er við kvörtunum um áreitni eða einelti samkvæmt skráðu verklagi. Í vinnustaðargreiningum, sem gerðar eru á hverju ári, er spurt um einelti og kynferðislega áreitni. Þátttaka í þessum könnunum er jafnan meiri en 95% og svör eru ekki rekjanleg. Nokkur eineltismál voru tilkynnt á árinu 2017 og var unnið með þau samkvæmt skilgreindu verklagi. Stjórnendur hjá OR samstæðunni tóku þátt í nokkrum viðburðum tengdum #metoo byltingunni síðla árs 2017 með það fyrir augum að hefja umfangsmikla og skipulagða umræðu meðal alls starfsfólks samstæðunnar á árinu 2018.

S12 Fjölbreytni stjórnna

OR




Stjóður heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Innan samstæðu OR eru starfandi fimm félög sem lúta sérstakri stjórn. Stjórnarmenn móðurfélagsins, sem jafnframt skipa stjórn OR Eigna, skulu m.a. hafa þekkingu og reynslu sem hæfir þeirri ábyrgð sem stjórnarsetunni fylgir. Samsvarandi kröfur eru gerðar um setu í stjórn dótturfélaga. Í stjórnum dótturfélaga skulu þeir fulltrúar vera starfsmenn OR, þar af einn úr stjórnendahópi og skal hann vera formaður. Hjá ON, Veitum og GR eru tveir utanaðkomandi sérfræðingar á starfssviði viðkomandi fyrirtækis í stjórn.


Frá árinu 2014 hefur stjórn OR ekki uppfyllt lagakröfu um kynjajafnrétti í stjórn. Konur eru þar tveir þriðju hlutar stjórnarmanna.

Stjórnarsæti innan samstæðunnar eru alls 27. 14 eru skipuð konum og 13 körlum.

Kynjaskipting í stjórnnum innan OR samstæðunnar




Stjórnarmenn óháðir félaginu eða eigendum þess



| Umbætur í innheimtu

Fjöldi lokana 2006-2017



Á undanförunum árum hefur OR unnið markvisst að umbótum á innheimtu viðskiptakrafna. OR sér um útgáfu og innheimtu reikninga fyrir öll fyrirtækin í samstæðunni. Reikningarnir eru um 5,5 milljónir á ári og nú eru um 40% þeirra rafrænar. Áhersla OR er á að hjálpa fólki sem lendir í vanskilum út úr þeim. Úrræðum þjónustufulltrúa til að leysa úr málum hefur verið fjölgað og skerpt hefur verið á innheimtuferlinu öllu. Árangur þessa er að lokunum fyrir þjónustu hjá viðskiptavinum hefur fækkað verulega. Lokanir af hálfu OR hafa aldrei verið færri en árið 2017.



Vissir þú?

Á árinu 2017 tóku unnu Veitur með hópnum sem stóð að Ligeðlad-þáttunum að álestrarátaki meðal viðskiptavina. Þættirnir voru sprenglæggilegir og myndböndin sem unnin voru fyrir Veitur ekki síður. Þau má sjá [hér á You Tube-rás Veitna](#).

Miðlun þekkingar



Stjórn heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Í starfsemi OR, þar sem lögð er áhersla á stöðugar umbætur, verður til margháttuð þekking sem nýst getur öðrum. Ræðst það meðal annars af;

- forystu fyrirtækja innan samstæðunnar í jarðhitanýtingu,
- að Veitur eru langstærsta fyrirtæki sinnar tegundar á landinu og
- Gagnaveita Reykjavíkur með útbreiddasta ljósleiðaranet landsins.

OR lítur á það sem hlutverk sitt að miðla reynslu og þekkingu til annarra sem geta haft not af.

Árlega heldur OR samstæðan Vísindadag, þar sem ýmis þróunarverkefni eru kynnt. Landgræðslustjóri ON hélt námskeið og útbúið var kennslumyndband um lækningu sára í mosapembum. Sá fróðleikur sem hefur víðast ratað er vafalaust sú þekking sem vísindafolk OR hefur aflað í samstarfi við fjölda annarra vísindamanna um bindingu jarðhitalofttegunda í basalti. Fjöldamargir mjög útbreiddir fjölmiðlar í heiminum hafa fjallað um verkefni OR og ON við Hellsisheiðarvirkjun, sem þykir einstakt.

Samstarfsaðilar CarbFix og tengdra verkefna hafa alls hlotið sem svarar til 2,5 milljarða íslenskra króna í rannsóknarstyrki.


Nokkrir starfsmenn samstæðunnar kenna reglulega við háskóla og orkuskóla hér á landi og halda erindi á fagráðstefnum á Íslandi og erlendis. Sérþekking á jarðhita er eftirsótt en á árinu færðist í aukana að leitað væri til OR vegna árangurs fyrirtækisins í jafnréttismálum. Forstjóri OR flutti þannig erindi á Barber Shop-fundi Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn í október.

Rafvæðing samgangna



Stjórn heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Fjöldi rafbila á Íslandi og ON hlaðanna




OR og dótturfélagin hafa sett sér metnaðarfull loftslagsmarkmið, að draga úr útblæstri um 60% til ársins 2030. Vegna eðlis starfseminnar geta þau líka haft áhrif á kolefnisspor annarra, beint og óbeint. Uppbygging Orku náttúrunnar á hlöðum með hraðhleðslum meðfram þjóðvegum og í þéttbýli gerir rafbila að raunverulegum valkosti fyrir fólk og fyrirtæki. ON er í forystu uppbyggingar innviða fyrir orkuskipti í samgöngum hér á landi. Mikill kraftur var í uppbyggingu á árinu og í árslok 2017 voru hlöður ON orðnar 25 talsins.

| Stjórnhættir

Stjórnhættir OR eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Um meginstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur gilda lög nr. 136/2013. Á árinu 2014 endurnýjuðu eigendur fyrirtækisins sameignarsamning um starfsemiina. Þá var einnig endurskoðuð eigendastefna. Í þeim er kveðið á um stjórnhætti. Við gerð þessara skjala, samþykktu fyrir dótturfélög OR og starfsreklar OR telur að stjórnarhættir fyrirtækisins uppfylli leiðbeiningarnar.

Eignarhald á OR



Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur er skipuð sex mönnum. Fimm, þar á meðal formaður og varaformaður, eru kjörnir af borgarstjórn Reykjavíkur og einn af bærarstjórn Akraness. Sveitarstjórn Borgarbyggðar tilnefnir áheyrnarfulltrúa í stjórn. Formaður stjórnar má ekki taka að sér önnur störf fyrir OR.

Stjórn ræður forstjóra fyrirtækisins, semur starfslýsingu hans og gengur frá starfslokum. Forstjóri annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins og fer með eignarhluti í dótturfélögum OR. Forstjóri OR má ekki vera í stjórn OR og stjórnarmenn í OR mega ekki sitja í stjórn dótturfélags. Forstjóri OR er formaður stjórnna tveggja af dótturfélögum OR, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur.

Kveðið er á um verkaskiptingu forstjóra og stjórnar í starfsreglum stjórnar og starfslýsingu forstjóra.

G2 Gegnsæi í störfum stjórnar



Stjórn OR, frá vinstri: Rakei Oskarsdóttir, Áslaug María Fríðriksdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson áheyrnarfulltrúi, Brynhildur Davíðsdóttir formaður, Kjartan Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Gylfi Magnússon varaformaður.

Stjórn OR leggur áherslu á gegnsæi í störfum sínum og fundargerðir stjórnarfunda auk fundargagna, sem ekki ríkir um trúnaður, eru öllum aðgengilegar á vef fyrirtækisins. Í fundargerðirnar eru meðal annars skráðar allar ákvarðanir stjórnar og stjórnarmenn hafa rétt á að bóka stuttlega um afstöðu sína til einstakra mála.



Vissir þú?

Hvortveggja formaður og varaformaður stjórnar OR starfa í háskólasamfélaginu. Brynhildur Davíðsdóttir er prófessor í umhverfis- og auðlindafræðum við HÍ og Gylfi Magnússon er dósent við viðskiptafræðideild sama skóla.

G3 Hvatakerfi í launum

OR | 5. árið | 10. árið | Styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Eigendastefna OR kveður á um að laun stjórnenda skuli standast samanburð við sambærileg störf, þó að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila og skulu kjörin ekki vera leiðandi á vinnumarkaði. Árlega endurskoðar starfskjaranefnd stjórnar OR laun forstjóra með tilliti til markmiða og mælikvarða fyrirtækisins. Engin bein tenging er á milli launa forstjóra eða annarra stjórnenda og tiltekinna mælikvarða í rekstrinum, fjárhagslegra eða annarra. Í starfsmannaviðtölum, þar á meðal við stjórnendur hjá samstæðunni, er byggt á gildum samstæðunnar og frammistaða meðal annars metin út frá þeim og fleiri ófjárhagslegum þáttum. Gildin eru; framsýni, hagsýni og heiðarleiki.

Fjárhæð stjórnarlauna, launa forstjóra og annarra æðstu stjórnenda er tilgreind í ársreikningi OR.

G4 Vinnuréttur


OR | 3. árið | 8. árið | Styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

OR á aðild að Samtökum atvinnulífsins í gegnum aðild sína að Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja. OR semur við verkafélög í samvinnu við SA. OR á ennfremur í ýmsum öðrum samskiptum við stéttarfélög. Starfsfólki er frjálst að vera í því stéttarfélagi sem það kysir eftir því sem reglur vinnumarkaðarins mæla fyrir um eða að standa utan stéttarfélags.

Fyrirtækið gerir einstaklingsbundna ráðningarsamninga, byggða á kjarasamningum stéttarféлага, við alla fastráðna starfsmenn. Í þeim er meðal annars kveðið á um laun. Verkkaup OR eru umfangsmikil af misstörum fyrirtækjum. OR hefur ekki tölur um umfang verktöku einstaklinga eða hversu stór hluti tekna viðkomandi er vegna vinnu fyrir samstæðuna.

Fjallað er um réttindi starfsfólks verktaka í kafa um samfélagsmál.

Aðild að stéttarfélagi



Vissir þú?

Starfsfólk OR-samstæðunnar er vitaskuld með starfsmannafélag, skammstafað STOR. Innan þess eru ýmis áhugafélög, þar á meðal sauma- og þrjónaklúbburinn SPOR, samtök kylfinga sem heita SKOR og mótorhjólaklúbburinn MótOR.

G5 Birgjamat



Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Það er skráð og opinber stefna OR að beita opnum útboðum við kaup á vörum, þjónustu og verkfrámkvæmdum og að hagstæðasta tilboði sé tekið. Að öðrum kosti skal beita lokuðum útboðum, verðfyrirspurnum meðal sem flestra, beinum samningum eða beinum innkaupum. Hversu hagstæð tilboð eru er oft metið með tilliti til fleiri þátta en verðs. Þar á meðal eru öryggismál, umhverfismál og þá eru ákvæði í útboðsgögnum til að berjast gegn kennitöluflakki.

OR hefur innleitt keðjuábyrgð í verksamningum í því skyni að standa vörð um réttindi starfsfólks verktaka og undirverktaka þeirra. Verktakamat er byggt á frammistöðu þeirra í öryggismálum, umhverfismálum, gæðum verks og gagnaskilum. Ef frammistaða í verktakamati er óviðunandi er viðskiptum hætt, að minnsta kosti tímabundið.

Á árinu 2017 var tilboði í eitt verk hafnað í samræmi við aðgerðir OR gegn kennitöluflakki.

Innkaupayfirlit samstæðu OR 2017	Fjárhæð	Hlutfall
Útboð	7.547.374.320	37%
Viðskiptakjarasamningar	6.029.001.751	30%
Húsaleiga	340.303.431	2%
Opinberir aðilar o.fl.	312.352.195	2%
Viðskipti undir viðmiðunarfrjárhæðum	2.019.741.259	10%
Viðskipti innan samstæðu	4.137.507.297	20%
Innkaup alls	20.386.280.253	100%

G6 Siðareglur



Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Siðareglur OR byggja á heiðarleika, sem er eitt af gildum Orkuveitu Reykjavíkur. Siðareglurnar eru skráðar og opinberar og eiga að hjálpa starfsfólki að láta heiðarleika, virðingu og jafnrétti einkenna öll samskipti hvort sem er við viðskiptavini, samstarfsfólk, stjórn, verktaka eða aðra hagsmunaaðila. Þær eru ekki tæmandi og leysa okkur ekki undan undan þeirri ábyrgð að reiða okkur á eigin samvisku þegar siðferðileg álitamál ber upp.

Siðareglur voru fyrst settar af stjórnendum fyrir OR árið 2000 og voru yfirfarnar, endurskoðaðar og samþykktar af stjórn OR á árinu 2017. Þær eru hluti starfsreglna stjórnar. Þær eru kynntar nýjum starfsmönnum og eru öllu starfsfólki aðgengilegar. Telji starfsmaður brotið gegn reglum eða stendur frammi fyrir siðferðilegu álitamáli getur hann leitað til yfirmanns eða samstarfsmanns sem hann treystir. Telji starfsmaður brot á reglum bitna á sér, svo sem vegna eineltis eða áreitni, getur hann einnig leitað beint til ytri ráðgjafa og við tekur skráð ferli, þar sem gætt er nafnleyndar, sé þess óskað.

G7 Aðgerðir gegn spillingu og mútum



Styður heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Hjá OR er skráð verklag um meðferð mála þegar ætla má að starfsmaður eða stjórnandi hafi brotið gegn reglum fyrirtækisins eða hafi orðið uppvis að sviksemi í starfi. Verklagsreglan er öllu starfsfólki aðgengileg. Vakni grunur um brot ber að tilkynna það næsta yfirmanni eða innri endurskoðanda fyrirtækisins sem ber að upplýsa um það en gæta trúnaðar við meðferð slíkra upplýsinga, þar með talið að gæta leyndar um nafn tilkynnanda.

Stjórnendur OR, framkvæmdastjórar og forstöðumenn bera ábyrgð á innra eftirliti hver á sínu sviði. Gæðamál bera ábyrgð á að innri eftirlitskerfi OR séu virk. Gæðakerfi OR njóta óháðrar vottunar ytri aðila. OR fylgir stöðlum Samtaka innri endurskoðenda um framkvæmd innri endurskoðunar. Innan OR starfar regluvörður sem hefur eftirlit með upplýsingagjöf til kauphallar og Fjármálaeftirlits.

G8 Gegnsæi skatta og gjalda



Styður heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna


OR hefur eingöngu starfsemi á Íslandi og lýtur starfsemin því alfarið íslenskum skattalögum. Við lögboðna uppskiptingu OR, í ársbyrjun 2014, varð núverandi samstæðumynd til. Þrennt einkennir hana í skattalegu tilliti:

- Móðurfélagið er sameignarfyritæki og greiðir hærri tekjuskatt en hlutafélög. Á móti eru arðgreiðslur til eigenda skattfrjálssar.
- Umfangsmestu dótturfélögin – Veitur og Orka náttúrunnar – eru hlutafélög sem eru samsköttuð í áhættuvarnaskyni.
- Rekstur vatns- og fráveitu er í sérstöku sameignarfyritæki en þessi skylduverkefni sveitarfélaga bera ekki tekjuskatt.

KPMG hefur reiknað út skattaspor OR samstæðunnar. Skattaspor OR samanstendur bæði af sköttum sem eru gjaldfærðir í rekstri félagsins og þeim sköttum sem félagið innheimtir og stendur skil á. Á árinu 2017 nam skattaspor OR samtals 7.462 mkr. Auk þess var greiddur virðisaukaskattur sem nam 7.391 mkr.

Skýrsla KPMG um skattasporið er í viðhengi.

Skattaspor OR samstæðunnar



Fjöldamargir þættir ráða því hvort starfsemi OR og dótturfyrirtækjanna - Veitna, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur - stenst tímans tönn, er sjálfbær. Í þessari samþættu skýrslu er gerð grein fyrir þeim þáttum sem OR telur mikilvægasta. Að skýrslunni útgefinni verður haft samráð við hagsmunaaðila að rekstrinum til að kalla eftir álit þeirra á því hvort áriðandi þættir séu útundan. OR lítur því þá á þessa skýrslu sem árlega sjálfbærnisráðgjöf fyrirtækisins. Á vefjum fyrirtækjanna er að finna ýmsar upplýsingar um umhverfismál, fjármál og starfsmannamál sem uppfærðar eru oftar en árlega.

G10 Aðferð við skýrslugerð

Við gerð sjálfbærniuppgjörs OR er stuðst meðal annars við leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út í mars 2017. Leiðbeiningar Nasdaq byggja á ráðleggingum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig var bætt við tilvísunum í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, þar sem það á við, og tekið tillit til laga um breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB), nr. 73/2016



Vissir þú


Orkuveita Reykjavíkur varð fyrst íslenskra fyrirtækja til að gefa út sérstaka árlega Umhverfisskýrslu. Það var árið 2000 að fyrsta umhverfisskýrsla OR kom út.

G11 Áreiðanleiki

Fyrirtækið Ábyrgar lausnir ehf. var fengið af stjórnendum OR til að veita leiðbeinandi ráðgjöf og aðstoð við innleiðingu og úttekt á sjálfbærniupplýsingum þessa uppgjörs til að auka gegnsæi og skapa traust um upplýsingagjöfina.

Ábyrgar lausnir ehf. sérhæfir sig í ráðgjöf og lausnum varðandi þá þætti er falla undir samfélagsábyrgð og sjálfbærni í rekstri skipulagsheilda. Slík aðstoð frá þriðja aðila tryggir bæði áreiðanleika og gæði skýrslunnar.

Umhverfisþættir skýrslunnar voru endurskoðaðir af VSÓ ráðgjöf og ytri fjárhagslegir endurskoðendur OR eru KPMG.



| Fjárhagur


Árið 2017 var fyrsta rekstrarár OR samstæðunnar eftir tímabil Plansins. Með Planinu hafði á árunum 2011-2016 verið innleidd menning aðhalds í rekstri og aukinnar yfirlegu yfir hverri og einni fjárfestingu. Árangur Plansins var verulega umfram markmið og rekstrarniðurstaða ársins 2017 sýnir að menningarbreytingin er varanleg. Traust tók eru á rekstrargjöldum og því skila ýmis hagfelld ytri

Hagsýni er eitt gilda OR og snýr sérstaklega að fjárhag fyrirtækisins, sem nú er orðinn heilbrigður. Unnið er eftir fjárhagslegum markmiðum sem stuðla að því að OR og dótturfyrirtækin;

- búi við traustan fjárhag,
- séu rekin með viðunandi áhættu,
- bjóði sanngjarnt verð fyrir þjónustuna,
- geti greitt eigendum arð af eignum sínum.

Orkuveita Reykjavíkur, sem er að öllu leyti í eigu sveitarfélaga, lítur svo á að fjárhagslegur styrkur fyrirtækisins styðji við markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærar borgir og samfélög.


Tekjur, gjöld, EBITDA og EBIT



Mikill stöðugleiki einkennir helstu stærðir í rekstri OR síðustu ár. Aðhaldið í rekstri, sem einkenndi ár Plansins 2011-2016, er viðvarandi. Tekjuaukinn skýrist einkum af aukinni sölu en ýmsar gjaldskrár Veitna lækkuðu á árinu 2017. EBITDA stendur fyrir framlegð rekstursins án fjármagnsliða, afskrifta, skatta og endurmats. EBIT er rekstraraðkoman án fjármagnsliða og skattgreiðslna.


EBITDA framlegð

EBITDA framlegð



Framlegð reksturs OR samstæðunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í samstæðu OR. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem til rekstursins eru gerðar. Hér er framlegðin sýnd sem hlutfall af heildartekjum.


Vaxtaþekja



Þessi mælikvarði segir til um hversu fært fyrirtækið er um að standa undir vaxtakostnaði af lánum sem á því hvíla. Eigendur OR hafa sett það skilyrði fyrir arðgreiðslu til þeirra að handbært fé frá rekstrinum að viðbættum vaxtagjöldunum séu að minnsta kosti 3,5 sinnum hærrí en vaxtagjöld. OR var undir því markmiði rétt eftir hrun en yfir því frá árinu 2010.

Nettó skuldir

Nettó skuldir




Með batnandi rekstri og afkomu síðustu ár hefur skuldabyrði OR minnkað mikið. Þyngstur var skuldabaggin í árslok 2009. Þá námu nettóskuldarnar 226,4 milljörðum króna og hafa því verið greiddar niður um meira en 100 milljarða króna til ársloka 2017. Nettóskuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum.

Nettó skuldir / Handbært fé frá rekstri



Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Nettó skuldir / Handbært fé frá rekstri




Mælikvarðinn sýnir hlutfallið milli nettó skulda og handbærs fjár í lok árs. Hann segir hversu mörg ár það tæki að greiða niður nettó skuldir með handbæru fé væri það einungis nýtt til þess.

Arðsemi fjármagns



Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Arðsemi fjármagns (ROCE)



Í eigendastefnu OR er kveðið á um innleiðingu mælikvarða sem sýni arðsemi þess fjármagns sem eigendur hafa bundið í rekstrinum (Return On Capital Employed). Hún skal að lágmarki vera umfram fjármagnskostnað fyrirtækisins að viðbættu eðlilegu áhættuálagi. Stjórn OR hefur sett samstæðunni markmið í heild og unnið er að því að setja samsvarandi markmið hverjum rekstrarþætti.



Vissir þú?

Eigendur OR hafa sett rekstrinum skilyrði fyrir útgreiðslu arðs. Þau snúa meðal annars að lausafjárstöðu, eiginfjárlutfalli og veltufjárlutfalli.


Veltufjárlutfall

OR



Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Veltufjárlutfall




Árangur Plansins og aðrar aðgerðir til að styrkja sjóðstöðu fyrirtækisins hafa bætt veltufjárlutfallið og lausafjárstaðan er nú traust. Eitt skilyrðanna fyrir arðgreiðslum til eigenda er að veltufjárlutfallið sé ekki lægra en 1. Það þýðir að fyrirtækið á fé í sjóði sem dugar fyrir skuldbindingum næstu 12 mánaða.

Eiginfjárlutfall



Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Eiginfjárlutfall



Eignfjárlutfall segir til um hversu miklar skuldir hvíla á fyrirtækinu í samanburði við eignir þess. Heildareignir OR voru metnar á 310,8 milljarða króna í lok árs 2017. Markmið eigenda og OR hefur verið að eignfjárlutfallið sé ekki lægra en 35% en 40% til lengri tíma.

Sjóðstaða



Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Sjóðstaða



Í rekstrar- og efnahagsreikningi hvers fyrirtækis er fjöldi reiknaðra stærða sem eiga að skerpa myndina af rekstrinum á tilteknu tímabili og stöðu hans í lok þess. Sjóðstreymisfirlitið gefur hinsvegar gleggri mynd af raunverulegu peningastreymi til fyrirtækisins og frá því og hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé fyrirtækisins á tímabilinu. Lengst til vinstri sést handbært fé í byrjun árs 2017 og lengst til hægri í árslok, ásamt bundnum innistæðum og markaðsverðbréfum.

Lánshæfismat



Styður heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Lánshæfismat er mikilvægt þeim fyrirtækjum sem skipta við fjármálastofnanir og eru með skráð verðbréf á mörkuðum. Matið hefur þann tilgang að gefa lánveitendum hlutlæga mynd af stöðu og framtíðarhorfum fyrirtækisins. Lánshæfiseinkunn Orkuveitu Reykjavíkur og annarra íslenskra fyrirtækja getur aldrei orðið hærrí en einkunn ríkissjóðs. Einkunnagjöf OR nýtur góðs af ábyrgðum eigenda á lánum. Í dag meta þrjú fyrirtæki lánshæfi Orkuveitu Reykjavíkur; alþjóðlegu fyrirtækin Moody's og Fitch Ratings og Reitun innanlands.


	Moody's	Fitch Ratings	Reitun
Langtímaeinkunn	Ba2	BB+	i.AA3
Hortur	Jákvæðar	Stöðugar	Jákvæðar
Útgáfudagur	Júní 2017	Mars 2018	Mai 2017

Gjaldeyrisáhætta



Styður heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Áætlað gjaldeyrisflæði



Gjaldeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og tekna Orku náttúrunnar af raforkusölu í bandaríkjadöllum. Áhættustefna OR felur í sér að mörk eru sett á hugsanlegt misvægi í rekstri og efnahag vegna þessa. Framvirkir samningar eru gerðir til að draga úr áhættu af óhagstæðri gengisþróun og myndin sýnir áætlað gjaldeyrisstreymi samstæðunnar næstu ár.


Vaxtaáhætta

OR



Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Vaxtaáhætta



Hækkun vaxta felur í sér áhættu fyrir rekstur og efnahag OR. Dreigið hefur verið úr áhættunni á undanförunum árum með því að festa vexti með framvirkum samningum. Súlurnar sýna hversu mikill hluti heildarskuldbindinga hvers árs ber fasta vexti. Áhætta OR af vaxtahækkunum er nú óveruleg.


Álverðisáhætta

OR




Stjórn heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Álvarnarhlutfall



OR gerir áhættuvarnarsamninga til þess að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir mikilli lækkun álverðs. Slíkir samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann og myndin sýnir að hve miklu leyti slíkar tekjur hafa verið varðar. Stjórn OR ákvarðar efri og neðri mörk varnarhlutfalla.

Lausafjárstaða samkvæmt útfeginni spá




Forsendur álagspróf	Visitala	Álverð	Hækkun vaxta á lánum í erlendri mynt	
OR	Gengisvisitala	neysluerðs	(USD/tonn)	(%)
Upphafsgildi	162	447	2087	0%
Lokagildi	275	542	1300	3%
24 mánaða breyting	70%	30%	-38%	3%

OR gerir álagspróf á lausafjárstöðu samstæðunnar. Til grundvallar eru samþykkt fjárhagsspá og á hana er reynt með óhagstæðri þróun ytri þátta. Þeir eru meðal annars gengi gjaldmiðla, álverð, verðlag og vextir. Álagsprófið felur í sér verulega neikvæðar breytingar í þróun allar ytri þáttanna. Myndritið sýnir hversu vel lausafjárstaða OR myndi standast slíka áraun.

Gjaldeyrissjöfnuður í efnahag

Gjaldeyrissjöfnuður í efnahag



Erlendar eignir OR voru umfram erlendar skuldir í árslok 2017. Ástæðan er að starfrækslugjaldmiðill dótturfélagsins Orku náttúrunnar er bandaríkjadalir og eignir þess félags eru meiri en sem nemur öllum skuldum OR í erlendum gjaldeyri.